

# MOSFELLINGUR



VEFÚTGÁFA

www.mosfellingur.is



2. TBL. 20. ÁRG. FIMMTUDAGUR 11. FEBRÚAR 2021 • DREIF

SBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS



MOSFELLSBÆR ER Í 2. SÆTI Í ÞJÓNUSTUKÖNNUN GALLUP

Árleg könnun á þjónustu sveitarfélaganna • Yfir meðaltali í 11 af 13 málaflokkum

## Íbúar í Mosfellsbæ ánægðir

Gallup kannar árlega þjónustu sveitarfélaga og mælir viðhorf íbúa til þjónustu í 20 stærstu sveitarfélögum landsins. Eins og undanfarin ár situr Mosfellsbær í efstu sætum könnunarinnar. Þegar spurt er um sveitarfélagið sem stað til þess að búa á og þjónustuna í heild er Mosfellsbær yfir landsmeðaltali í 11 málaflokkum af 13. Mosfellsbær hækkar um eitt sæti og deilir nú efsta sætinu með Garðabæ en bæði sveitarfélögin eru með einkunnina 4,4 á 5 punkta skala og skilur eingöngu þriðji aukastafur að. Um 77% íbúa eru ánægðir með þjónustu sveitarfélagsins á heildina litið bæði út frá reynslu þeirra og álitu. Hér hækkar

sveitarfélagið úr meðaleinkunninni 3,9 í 4 en landsmeðaltalið er óbreytt milli ára. Um 97% þeirra sem eiga börn á leikskóla í Mosfellsbæ eru ánægð með þjónustuna. Málaflokkarnir tveir þar sem sveitarfélagið er undir landsmeðaltali eru annars vegar þjónusta við aldraða og hins vegar þjónusta við fatlað fólk. „Könnunin veitir okkur mikilvægar upplýsingar sem við nýtum til þess að standa okkur enn betur og þá sérstaklega þar sem ánægjan minnkar milli ára,“ segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri. „Könnun Gallup er mikil hvatning til okkar starfsfólks Mosfellsbæjar.“



### Við sjáum um dekkin

Pantaðu tíma á n1.is

N1 Langatanga 1a Mosfellsbæ



Mosfellingurinn Hanna Margrét Kristleifsdóttir skartgripahönnuður

## Fann farveg fyrir sköpunargleðina »20



### Bolla bolla

Mosfellsbakari - Háholti 13-15 - 5666145  
mosfellsbakari.is - mosbak@mosbak.is

## RÉTTINGAVERKSTÆÐI

# Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ  
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is  
WWW.JONB.IS



BÍLALEIGA Á STAÐNUM



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI  
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR



Útgefandi: Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

Ritstjórn:

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

Prentun: Landsprent. Upplag: 4.500 eintök. Dreifing: Afturelding.

Umbrot og hönnun: Mosfellingur ehf.

Prófkör: Ingibjörg Valsdóttir

ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsti Mosfellingur kemur út 11. mars

## Landsbyggðarkjarni

Aðeins 2% aðspurðra eru óánægð með Mosfellsbæ sem stað til að búa á. Þetta kemur fram í könnun Gallup á þjónustu stærstu sveitarfélaga landsins. Þetta hlýtur að teljast met. 88% eru ánægð og 10% hvorki né. Mosfellsbær hefur alltaf skorað hátt í þessari könnun. Ég er ekki hissa á því. Hér er gott að búa og hér virðist fólki líða vel. Við erum temmilega langt frá Reykjavík en getum



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingur

jafnframt flokkað okkur sem nokkurs konar landsbyggðarkjarna á höfuðborgarsvæðinu. Það er sjarmerandi að búa í sveit í borg og hingað flytur jafnan fólk af landsbyggðinni sem vill búa í nálægð við alla helstu þjónustu sem suðvesturhornið býður upp á án þess þó að vera í skarkalanum í Reykjavík.

Svo er bara að taka umræðuna Sum Sundabraut, Borgarlínu og framtíðina. Það væri til dæmis gott að losna við þungaflytninga og óþarfa umferð í gegnum bæinn og leysa úr umferðarhnútum hér á háannatímum.



## ÍSFLUGL

www.isflugl.is



## Í PÁ GÖMLU GÓÐU...

### Stórafmæli Gísla á Vatni

Fyrir nokkru voru á FB skemmtilegar ljósmyndir frá Ísólfi Gylfa, sem var kennari í Gaggó Mos. Þar á meðal voru myndir af Gísla Magnússyni á Vatni. Greinilegt er að margir sveitungar minnst þessa heiðursmanns með hlýju. Gísli hélt upp á 80 ára afmæli sitt með glæsibrag í Hlégarði árið 1987. Mosfellospósturinn gerði afmælinu góð skil með heilsíðu umfjöllun. Auk ljósmynda er til kvikmynd frá afmælinu. Í erfðaskrá Gísla gefur hann eigin sínar í orgelsjóð Lágafellskirkju.

Gísli á Vatni átti áttíðisafmæli miðvikudaginn 13. maí. Á afmælisdaginn afhenti Gísli stórgjöf til Lágafellskirkju. Hann gaf kirkjunni hátalarakerfi fyrir heyrnardaufa. Það er hljóðnemi sem festur er á prest eða ræðumann og fimm svokallaðir heyrnastafir sem kirkjugestir nota. Þannig geta heyrnadaufir nú fylgst með athöfnum í kirkjunni og notið eins og hver annar.

Sr. Birgir Ásgeirsson sóknarprestur sagði í samtali við MP að þetta væri stórgjöf, sem kostaði á annað hundrað þúsund kr. Svona tæki eru alls ekki í öllum kirkjum, og ekki á færi þeirra að festa kaup á svona búnaði af eigin rammeik.


Ekki nóg með þetta heldur hélt Gísli rokna veislu um kvöldið í Hlégarði fyrir samsveitunga sína. Þangað fjölmenntu sveitungar hans og voru mættir allir fyrimenn

hreppsins. Boðið var upp á veglegar veitingar og skorti ekki á.

Margar ræður voru haldnar og Gísli marghylltur. Honum voru einnig færðar margar góðar gjafir.

Í afmælisgrein sem Jón M. Guðmundsson á Reykjum ritaði um Gísla í Morgunblaðið segir m.a.:


Gísli búnaðist allvel og sá sér og sínum vel farboða með sitt litla fjárbú. Hann var á yngri árum mesti eljumaður að hverju sem hann gekk. Til þess var tekið hversu vel honum gekk við heyskap og fénaður hans var vel haldinn og vel hirtur. Gísli var ötull við aðdrætti svo ekkert skorti en einnig var hann hin mesta veiðikló og hefur ávallt verið mikill áhugamaður um stangveiði. Gísli var léttur á fæti og hinn mesti garpur við fjárleitir enda þótt hann væri ekki alltaf léttklæddur til fótanna.



GÍSLI AFMÆLISBARN MED VINKONU SINNI MARGRÉTI PONZI

Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

## HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið Benjamin falinn í blaðinu?

## Hringdu

skólanet Hringdu

hraðasta internetið

ótakmarkað gagnamagn

langbesta verðið

fyrir námsmenn

7.600 kr. á mánuði





# Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór  
Einarsson  
Lögg. fasteignasali



Egilína S.  
Guðgeirsdóttir



Hildur  
Ólafsdóttir



Þórhildur M.  
Sandholt  
Lögg. fasteignasali



Sigurður  
Gunnarsson  
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil  
Karlsson

## BJARKARHOLT - MIÐBÆR MOSFELLSBÆJAR



SÝNUM DAGLEGA

Nýjar þriggja herbergja 97 m<sup>2</sup> íbúðir á þriðju og fjórðu hæð. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi eru flísalögð. Stæði í bílajakallara og geymsla fylgir hverri íbúð. Frábær staðsetning. Stutt í alla helstu þjónusta.

V. 54,9 - 55,6 m.



## ESJUGRUND

Vel skipulagt 96 m<sup>2</sup> fjögurra herbergja raðhús. Eignin skiptist í forstofu, eldhús, stofu/borðstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Mannngengt geymslu loft er yfir húsinu.

V. 44,9 m.

# VILTU SELJA?

Vegna mikillar sölu undanfarið þá vantar okkur hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar allar gerðir eigna á söluskrá.

Endilega hafðu samband og við kappkostum að selja eignina þína!

Sími: 586-8080 - [www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)



SÝNUM DAGLEGA

## BJARKARHOLT

4ra herbergja 162,1 m<sup>2</sup> íbúð á efstu hæð. Íbúðin skiptist í 135,8 m<sup>2</sup> íbúð, 135,8 6,1 m<sup>2</sup> geymslu og 20,2 m<sup>2</sup> bílskúr/geymsla ásamt bílastæði í bílajakallara. Tvennar svalir í bæði norðurátt og suðurátt.

V. 86,9 m.



## SÚLUHÖFÐI

Fallegt einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum bílskúr. Gott skipulag, fjögur svefnherbergi og stórar stofur. Eignin er skráð 218 m<sup>2</sup> og þar af bílskúr 41,8 m<sup>2</sup>. Stórt hellulagt bílapan og fallegur garður með stórum veröndum, markísu, heitum potti, tjörn og leiktækjum. Frábær staðsetning.

V. 107,8 m.



## PVERHOLT

Vel skipulagt 114,6 m<sup>2</sup> skrifstofu-húsnæði á 5. hæð í lyftuhúsi. Eignin skiptist í rúmgóða móttöku, fjórar lokaðar skrifstofur, eina opna skrifstofu, móttökuaðstöðu, geymslu, salerni og eldhúskrók. Húsnæðið er snyrtilegt, nýmálað og nýtt harðparket á gólfi. Góð innfeld LED lýsing og kerfisolft.

V. kr. 235.000 á mánuði



## URÐARHOLT

Þjört og vel skipulögð 64,3 m<sup>2</sup> tveggja herbergja íbúð í þriggja hæða fjölbýli. Eignin er skráð 64,3 m<sup>2</sup> og skiptist í hol, stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi, auk sérgeymslu í sameign.

V. 36,8 m.



## BJARKARHOLT

NÝ - Glæsileg 124,2 m<sup>2</sup> þriggja herbergja ÚTSÝNISÍBÚÐ á efstu hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Langtímaleiga. Íbúðin er mjög vel staðsett með glæsilegu útsýni í miðbæ Mosfellsbæjar. Stutt í alla helstu þjónustu. 8,9 m<sup>2</sup> sérgeymsla í kjallara.

V. 330 þúsund á mánuði - Hiti og húsgjöld innifalin

## STÓRIKRIKI - EINBÝLISHÚS



302,8 m<sup>2</sup> einbýlishús. Eignin er skráð 249,3 m<sup>2</sup> einbýlishús og 53,5 m<sup>2</sup> bílskúr. Eignin skiptist í fimm svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, eldhús, borðstofu, stofu, tvö baðherbergi, þvottahús, hol og bílskúr. Stórt hellulagt bílapan. Stór timburverönd með garðhúsi. Búð er að steypa sundlaug í garði en hún er ómálud og ótengd.

V. 107,0 m.

## TRÖLLATEIGUR - ÞJÖRT OG FALLEG ÍBÚÐ



Þjört og falleg 150 m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð með séringgangi á 2. hæð. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, geymslu, eldhús, stofu og borðstofu. Árið 2016 var sett ný eldhúsinnrétting ásamt tækjum. Innfeld halogenlýsing er í eldhúsi, stofu og gangi og hátt er til lofts í íbúðinni sem setur mikinn svip á hana. Stórar svalir í suðurátt. Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ.

V. 64,9 m.





## Vill Sundabraut í einkaframkvæmd

Mosfellingurinn Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, leggur til að Sundabraut fari í einkaframkvæmd og hefur mælt fyrir þingályktun þess efnis. „Þannig fengju einkaaðilar tækifæri til að glíma við það sem hið opinbera hefur verið með til umræðu í 50 ár, hingað til án árangurs. Þarna leggjum við til að einkaframtakinu verði treyst til



að framkvæma verkið frá A til Ö án fjármagns frá ríkinu en fái í staðinn heimild til að rukka veggjöld í ákveðinn tíma.“ Kynntar hafa verið niðurstöður starfshóps á vegum Vegagerðarinnar sem var falið að meta tvo valkosti um legu Sundabrautar. Í skýrslunni kemur fram að Sundabrá er hagkvæmari kostur en jarðgöng. Jafnframt telur starfshópurinn að framkvæmdir geti hafist árið 2025 og lokið 4-5 árum síðar. Bæjarstjóri Mosfellsbæjar segir Sundabraut mikið hagsmunamál fyrir Mosfellinga og nefnir að verkefnið allt þurfi að klárast, ekki bara þessi tiltekna brú, þ.e.a.s. leiðin frá Reykjavík upp í Grafarvog, út á Geldinganes, Gunnunes og Kjalarnes svo að umferðin í gegnum Mosfellsbæ geti farið þessa leið.

## Margrét Dögg nýr formaður Harðar

Aðalfundur Hestamannafélagsins Harðar var haldinn 27. janúar. Fundurinn tókst mjög vel og var vel sóttur. Nýr formaður var kjörinn Margrét Dögg Halldórsdóttir. Nýir stjórnarmenn voru kjörnir Aðalheiður Halldórsdóttir, Jón Geir Sigurbjörnsson og Magnús Ingi Másson. Úr stjórn gengu Gígja Magnúsdóttir, Haukur Nielsson, Ólafur Finnboði Haraldsson og Hákon Hákonarson sem hefur verið formaður sl. fjögur ár. Á fundinum lá fyrir tillaga stjórnar að félagsgjöldum fyrir 2021. Tillagan var samþykkt með miklum meirihluta. Nýungin er sú að börn og unglingar eru gjaldfrjáls að 18 ára aldri og að 70 ára og eldri greiða 50% gjald.



ÁSMUNDUR EINAR, HARALDUR OG BIRNA

Mosfellsbær hluti af verkefni Barnvæn sveitarfélög • Aukið samstarf ríkis og sveitar

# Réttindi barna að leiðarljósi

Mosfellsbær er tólfta sveitarfélagið til að taka þátt í verkefni Barnvæn sveitarfélög með UNICEF á Íslandi og félagsmálaráðuneytinu.

Verkefnið miðar að því að byggja upp breiðfylkingu sveitarfélaga á Íslandi sem láta sig mannréttindi barna varða, með Barnasáttmálann að leiðarljósi og auknu samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga. Hugmyndafræði Barnvænna sveitarfélaga byggist á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities, en það hefur verið innleitt í hundruðum sveitarfélaga um allan heim.

### Áhugi sveitarfélaga mikill

Áhugi sveitarfélaga á þátttöku í verkefni hefur verið mikill frá upphafi þess árið 2016 og biðlistar myndast. Í tölfræði af 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 2019 gengu félags- og barnamálaráðherra og UNICEF á Íslandi til samstarfs við framkvæmd verkefnisins. Markmiðið með samstarfinu er að tryggja

aðgengi allra sveitarfélaga á Íslandi að stuðningi við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á næstu tíu árum.

Það voru Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra, Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi og Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri sem undirrituðu samstarfssamning um verkefnið Barnvæn sveitarfélög.

### Rauður þráður í starfsemi bæjarins

„Við Mosfellingar erum full tilhlökkunar að takast á við þau úrlausnarefni sem mæta okkur á þeirri vegferð að verða eitt af Barnvænu sveitarfélögum landsins,“ segir Haraldur bæjarstjóri Mosfellsbæjar.

„Við sjáum fyrir okkur þétt samstarf lýðræðis- og mannréttindanefndar og ungmennaráðs við íbúa við að nýta barnasáttmálann sem grunnviðmið í okkar starfi þannig að hann verði sem rauður þráður í starfsemi Mosfellsbæjar.

Það er margt í stefnu sveitarfélagsins

sem er til þess fallið að efla og styrkja stöðu barna og við höfum tekið mið af heims- markmiðum Sameinuðu þjóðanna í okkar stefnumörkun síðustu misserin.

Okkar leiðarstef í vinnunni fram undan verður þátttaka barna og ungmenna enda nýtur Mosfellsbær góðs af sterkum tengingum á milli fólks og miklum félagsauði. Í leik- og grunnskólum höfum við unnið með Barnasáttmálann í þemaverkefnum á fjölbreyttan hátt og félagsmiðstöðin hefur staðið að fræðslu um efni sáttmálans.“

Ásmundur Einar segir það ómetanlegt að finna áhugann á verkefni hjá sveitarfélögum landsins og sjá þau setja málefni barna og fjölskyldna í svo skýran forgang. „Saman ætlum við að gera Ísland að besta stað í heimi fyrir börn.“

» Nánari upplýsingar um Barnvæn sveitarfélög eru aðgengilegar á barnvaensveitarfelog.is.

Íbúar í Mosfellsdal hópuðust fyrir framan skjáinn • Annáll, fjöldasöngur, happdrætti o.fl.

# Dalbúar blótuðu rafrænt



HELENA JÓNSDÓTTIR OG GUÐMUNDUR HREINSSON VIÐ UPPTÖKUR Í DALNUM

Íbúar í Mosfellsdal deya ekki ráðalausir þrátt fyrir fjöldatakmörkanir í því Covid-ástandi sem nú ríkir.

Þorablotnsnefndin ákvað að blása til fyrsta raþporrablots í sögu dalsins og fór skemmtunin fram laugardaginn 6. febrúar.

Íbúar hittust í heimahúsum og horfðu saman á útsendingu, og skemmtu sér vel. Þorramat var keyrt heim að dyrum og gerðu íbúar vel við sig í mat og drykk eins og vanalega.

Hefðbundnir dagskrárliðir voru á sínum stað á borð við lúðrablastur, annál, fjöldasöng og happdrætti. Helena í Dalsgarði fór með annál ársins og sendur var út sérstakur fréttatími með Gumma Hreins.

Þá var keppt um besta seinnipartinn á vísu sem birt var á facebook-grúbbu íbúanna. Það var Emil í Lækjarnesi sem bar sigur úr býtum.

Ég skemmti mér þótt skjálfi jörð og skála elsku vinur. Við um Covid saman stöndum vörð á meðan pestin á okkur dynur.

## KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

Við opnum kirkjudyd Lágafellskirkju upp á gátt og bjóðum til guðsþjónustu!

Samkvæmt heilbrigðisráðuneytinu er undanþága frá 20 manna fjöldatakmörkunum. Þar segir: „Trú- og lífsskoðunarfélög: við allar athafnir mega vera 150 fullorðnir.“ Reglur um 2 metra nálægðarmörk og grímuskyldu verða óbreyttar í öllum athöfnum.

### Sunnudagur 14. febrúar

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11 – útvarpað á Rás 1. Sr. Ragnheiður Jónsd.

### Sunnudagur 21. febrúar

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11. Kvenfélagskonur aðstoða og Vilborg Eiríksdóttir flytur hugleiðingu. Sr. Arndís.

### Sunnudagur 28. febrúar

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11. Sr. Sigurður Rúnar.

Sunnudagur 7. mars - Æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar. Guðsþjónusta í Lága-

fellskirkju kl. 11. Sr. Ragnheiður. Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13 í Lágafellskirkju. Sr. Ragnheiður, Bogi, Petrína og Þórður leiða.

### Sunnudagaskóli

Verður kl. 13 í Lágafellskirkju. Umsjón: Bogi, Petrína og Þórður.

Æskulýðsfélagið ósoM fyrir 8. – 10. bekk Á þriðjudögum kl. 20-21:30 í safnaðarheimilinu, Þverholti 3. Nánar auglýst síðar! Allir hressir unglingar velkomnir. Umsjón: Bogi, Hákon og Petrína.



# RAFMAGNAÐ ÆVINTÝRI MEÐ ALVÖRU 4X4

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ



4X4e

JEEP RENEGADE PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.499.000 KR.\*



4X4e

JEEP COMPASS PLUG-IN HYBRID VERÐ 5.999.000 KR.\*

Einu rafknúnu Plug-In Hybrid jepparnir í sínum stærðarflokki með lágt drif.  
Ótrúlegt verð á bílum hlöðnum lúxusbúnaði.

Hægt er að panta reynsluakstur utan opnunartíma á [reynsluakstur@isband.is](mailto:reynsluakstur@isband.is)



ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep



Valborg Óðinsdóttir og Anna Dís Arnarsdóttir hafa áralanga reynslu sem hundasnyrtar • Fyrir allar tegundir hunda

# Hundasnyrtistofan Dillirófa opnar í Kjarna



VALBORG OG ANNA DÍS Á HUNDASNYRTISTOFUNNI

Í desember síðastliðnum opnaði í Kjarnanum hundasnyrtistofan Dillirófa.

Það eru þær Anna Dís Arnarsdóttir og Valborg Óðinsdóttir sem eiga og reka stofuna. Þær eru báðar með áralanga reynslu og góða menntun sem hundasnyrtar.

„Ég hef starfað sem hundasnyrtir síðan 2008, ég hef sótt ótal námskeið og fór svo til Ítalíu að læra og hef verið duglega að sækja mér menntun bæði hérlendis og erlendis,“ segir Valborg sem sérhæfir sig meðal annars í púðluklippingum.

## Allir hundar velkomnir á staðinn

Anna Dís er tölvunarfræðingur að mennt og hefur lært hundasnyrtinn hérlendis. „Ég starfaði lengi hjá Kátum hvuttum þar sem ég hlaut mikla reynslu og þjálfum. Ég hef verið lengi í hundunum og þá sértaklega að sýna mismunandi tegundir og hef með árunum lært mikið um feldumhirðu hunda,“ segir Anna Dís.

„Hingað eru allir hundar velkomnir, það er náttúrulega þannig að hver hundategund þarf mismunandi umhirðu en við bjóðum upp á alla almenna snyrtiþjónustu fyrir hunda. Við böðum og blásum, rökum og reytum, greiðum úr flækjum og gerum það sem þarf að gera og klóaklipping er alltaf innifalinn.“

## Góðar viðtökur í hundavænu samfélagi

Þær stóllur hafa innréttað og útbúið frábæra aðstöðu til hvers kyns snyrtinga fyrir alla tegundir af hundum. Auk þess eru þær með gott úrval af hágæða vörum fyrir feldumhirðu, sjampó, næringu, sprej og bursta.

„Við erum rosalega ánægðar hér, við höfum fengið góðar viðtökur og teljum að þessi þjónusta sé góð viðbót við annars hundavænt bæjarfélag. Við hlökkum mikið til að taka á móti Mosfellungum og nærsveitungum.“



## Pröstur Karlsson ræktunarmaður 2020

Á dögnum var afhentur bikar fyrir ræktunarmann Harðar en hann er gefinn af Ernu Arnardóttur og Hinrik Gylfasyni og veittur fyrir fyrir hæst dæmda kynbótahross liðins árs, ræktað af Harðarfélaga. Bikarinn fyrir 2020 hlaut Pröstur Karlsson fyrir hestinn Tuma frá Jarðbrú IS2014165338. Tumi er undan Trymbli frá Stóra Ási og Gleði frá Svarfhóli og hlaut í kynbótadómi á vorsýningu á Hólum í Hjaltadal 8,56 fyrir sköpulag og 8,63 fyrir hæfileika sem gerir aðaleinkunn upp á 8,65 (8,62 án skeiðs). Kynbótamat Tuma er upp á 121 og skartar hann meðal annars 9 fyrir tölt, brokk, samstarfsvilja og fegurð í reið. Bikarinn hefur verið veittur frá árinu 2002.

## Rán Ægisdóttir fékk viðurkenningu FMOS

Þau mistök urðu að nafn vantaði í fréttatilkynningu frá Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ í síðasta blaði. Rán Ægisdóttir fékk viðurkenningu fyrir árangur í heimspeki. Útskriftarhátíð FMOS fór fram við hátíðlega athöfn 18. desember.

**MOSFELLINGUR**  
KEMUR NÆST  
ÚT 11. MARS



MOSFELLSBÆR

## Þjónustufulltrúi í þjónustuver Mosfellsbæjar

### VIÐ LEITUM AÐ ÞJÓNUSTULIPRUM OG METNAÐARFULLUM ÞJÓNUSTUFULLTRÚA

Þjónustuver Mosfellsbæjar sinnir almennri þjónustu og upplýsingagjöf til íbúa, viðskiptavina og starfsmanna hjá sviðum og stofnunum bæjarins. Þjónustufulltrúi tekur á móti viðskiptavinum í þjónustuveri og á mikil samskipti í gegnum síma og vef. Hann annast jafnframt skönnun, skráningu og frágang gagna.

Þjónustufulltrúi þarf að hafa ríka þjónustulund, vera lausnamiðaður og búa yfir afburða samskiptafærni.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

### Menntunar- og hæfnikröfur:

- Stúdentspróf, skrifstofunám eða annað sambærilegt nám er skilyrði
- Reynsla af skrifstofustörfum er nauðsynleg
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Mjög góð tölvukunnátta er nauðsynleg

- Þekking á skjalavistunar- og bókhaldskerfi.
- Framúrskarandi samskiptafærni er skilyrði
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni er nauðsynleg
- Góð íslenskukunnátta er nauðsynleg

### Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar 2021.

Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, [www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf). Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hugu Ósk Ólafsdóttir verkefnastjóri þjónustu- og samskiptadeildar í síma 525 6700. Um framtíðarstöðu er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Pverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | [mos.is](http://mos.is)





FRÍ HEIMSENDING  
EF VERSLAÐ ER FYRIR  
10.000 KR EÐA MEIRA

BÚNINGAR Í ÖLLUM  
STÆRÐUM

ÖSKUDAGSOPNUN

HELGIN 13-14. FEB: 10-18  
BOLLUDAGUR: 10-21  
SPRENGIDAGUR: 10-24



# ÖSKUDAGSBÚNINGAR



MIDNÆTUROPNUN  
Á SPRENGIDAG



★ ★ ★ ★ ★  
**PARTÝBÚÐIN**  
★ ★ ★ ★ ★



Steinunn Marteinsdóttir opnar sýningu í Listasal Mosfellsbæjar • JÖKULL - JÖKULL

# FÁUM VONANDI AÐ NJÓTA JÖKLANNA SEM LENGST

Listakonan Steinunn Marteinsdóttir opnar um helgina sýningu í Listasal Mosfellsbæjar í tengslum við 85 ára afmæli sitt.

Sýningin nefnist JÖKULL -JÖKULL en Snæfellsjökull hefur lengi verið henni hugleikinn eða allt frá því hún fluttist að Hulduhólum árið 1969. Þar hefur hún búið og starfað síðan og sér jökulinn út um stofugluggann.

## Minna um fyrirhuguð veisluhöld í ár

Jökullinn hefur eftir því sem ár hafa liðið sótt í sig táknvísan mátt og ef til vill orðið Steinunni eins konar aflvaki og kjölfesta í listaköpun, að tákni um eitthvað háleitt, einhvern æðri mátt ef svo mætti að orði komast, að tákni um þrá, ákall og markmið. Á seinni árum hefur auk þess sótt að listakonunni vitneskja um og ótti við að jöklar séu að hverfa, það hefur með öðru leitt til þess að sjá má í verkum hennar áhyggjur af þeim usla sem mannfólkið veldur á náttúrulegu umhverfi sínu og vilja til að spyrna við fótum.



Myndirnar á sýningu urðu til á árunum 1986 til 2019. Fyrstu myndirnar vann Steinunn í Kjarvalsstofu í París, gestavinnustofu sem ætluð er til dvalar fyrir íslenska listamenn.

Steinunn ætlaði að halda afmælispartý í Listasalnum en vegna Covid fer minna fyrir veisluhöldunum. Sýningin mun standa í mánuð frá 12. febrúar til 12. mars og eru allir velkomnir.

## Íslendingar taki sig saman í andlitinu í umhverfismálum

Á sýningunni verða um 20 myndir, bæði vatnslita- og olíumyndir. Margar myndanna eru í einkaeigu en nokkrar verða þó til sölu.

Steinunn hélt síðast sýningu fyrir 5 árum þegar hún ákvað að gefa sjálfri sér bók í afmælisgjöf um verk sín.



STEINUNN MARTEINS-DÓTTIR Á HULDUHÓLUM

„Þegar ég sæk innblástur hringla stundum orð Laxness í hausnum á mér: Þar sem jökullinn ber við loft hættir landið að vera jarðneskt. Vonandi fáum við að njóta jöklanna sem lengst. Það væri óskandi að Íslendingar tækju sig saman í andlitinu í umhverfismálum með sömu samstöðu og við höfum gert í Covid. Það er allt hægt.



## Söfnuðu milljón fyrir Pieta á Varmárvelli

Kynningarstjóri Pieta-samtakanna segir að um milljón krónur hafi safnast til samtakanna 23. janúar. Tveir hlaupagarpar, Börkur Reykjalín Brynjarsson og Gunnar Viðar Gunnarsson efndu til áheitaþlaups og hlupu 104 kílómetra hvor á hlaupabrautinni á Varmárvelli. Fjármagnið verður nýtt til að mæta auknu álagi hjá samtökunum. Hlaupið tók 13 klukkustundir og hlaupahringirnir urðu yfir 260 á mann. Pieta-samtökin sinna forvörnum gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða. Inga María Hjartardóttir, kynningarstjóri samtakanna, segir að milljónin verði nýtt til að fjármagna viðtalsþjónustu samtakanna en hægt er að hringja í síma þeirra 552 2218 hvenær sem er sólarhringsins. Álagið á samtökin hefur aukist mikið upp á síðkastið. Til marks um það má nefna að í desember í fyrra nýttu 550 þjónustuna en árið 2019 voru símtöl í desember 157. Hún telur að rekja megi auknið álag á símapjónustu til aukinnar vanlíðunar í samfélaginu, en hugsanlega spili líka inn í að fleiri viti nú af samtökunum en áður.

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU



## Göngugarpar í Mosfellsbæ 60+

FUNDUR miðvikudaginn 17. feb í FELLINU Varmá kl 13:00

Nú ætlum við að blása til fundar kl. 13:00 miðvikudaginn 17. feb. í FELLINU Varmá og reyna að fara skipuleggja aftur reglulegar göngur. Nú þar sem Covid hefur minnkað finnst okkur mikilvægt að reyna að koma þessu aftur í fast horf og viljum við því fá ykkur á staðinn til að ræða málin. Gleðisprengjurnar Halla Karen og Berta ætla að leiða fundinn og segja okkur frá góðum göngutrixum og æfingum. Að sjálfsgöðum munum við hlýða öllum sóttvarnareglum og munum grímu og 2 metra reglu. Hlökkum til að sjá sem flesta.

Kveðja Íþróttanefnd FaMos og félagsstarfið Mosfellsbæ

## Frestun aðalfundar FaMos

Samkvæmt lögum FaMos skal halda aðalfund fyrir lok febrúar ár hvert. Vegna samkomutakmarkana er ekki hægt að ákveða aðalfund fyrr en losað hefur verið um þessar takmarkanir. Aðalfundur verður boðaður með minnst 10 daga fyrirvara.

Stjórn FaMos

## OPIÐ VIRKA DAGA KL. 13-16

Minum á að félagsstarfið er opið alla virka daga kl. 13-16. 20 manna takmörk og grímu-skylda og auðvitað 2 metrar og spritt :)

## Gleðisprengjurnar náðu takmarkinu

Þær Berta Þórhalladóttir og Halla Karen Kristjánsdóttir halda utan um Gleðisprengjurnar sem er hópur 60 ára og eldri.

Þær skorudu á hópinn sinn að ganga samanlagt 1.000 km á einum mánuði Áskorunin stóð frá 7. janúar til 7. febrúar

og skemmst er frá því að segja að hópurinn gekk samanlagt 3.264 km. „Við byrjuðum á að stefna á hringveginn sem er 1.300 km en við náðum heldur betur að fara tvo hringi og eflaust náðum við Vestfjörðunum með,“ segir Berta. Frábært hjá Gleðisprengjunum.



**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13–16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er **Elva Björg Pálsdóttir** tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

**Skrifstofa FaMos** á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15–16.



**FÉLAG ALDRAÐRA** í Mosfellsbæ og nágrenni famos@famos.is www.famos.is

## STJÓRN FAMOS

**Ingólfur Hrólfsson** formaður s. 855 2085 ihhj@simnet.is

**Úlfhildur Geirsdóttir** varaformaður s. 896 5700 bruarholl@simnet.is

**Margrét Ólafsdóttir** gjaldkeri s. 863 3359 margretjako@gmail.com

**Snjólaug Sigurðardóttir** ritari s. 897 4734 snjolaugsig@simnet.is

**Kristbjörg Steingrimsdóttir** meðstjórnandi s. 898 3947 krist2910@gmail.is

**Jóhanna B. Magnúsdóttir** 1. varamaður s. 899 0378 hanna@smart.is

**Bragi Bergmann Steingrímsson** 2. varamaður bbergman@hive.is



# SHAKE&PIZZA GÓÐAN DAGINN

OPÍÐ : MÁN-MÍÐ 17-21 / FIM. 16-21 / FÖS. 16-21.30 / LAU. 12-21:30 / SUN. 12-21

HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

TILBOÐ MÁNAÐARINS

**EIN, TVÆR OG  
FRÍ PIZZA EF  
ÞÚ SÆKIR**

**EINN, TVEIR OG  
FRÍR SHAKE EF  
ÞÚ SÆKIR**



Pantaðu á  
shakepizza.is  
eða í síma  
5 17 18 19



3 FYRIR 2 AF ÖLLUM PIZZUM AF MATSEÐLI  
– BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA

3 FYRIR 2 AF ÖLLUM SHAKE-UM AF MATSEÐLI  
GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM

**EIN PIZZA & SVO ÖNNUR Á 1.000 KR.**

KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG BÆTIR VIÐ ANNARRI Á 1.000 KR. – BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA



shakepizza.is

shake&pizza

#shakeandpizza

**ÞAÐ ER GALOPIÐ HJÁ OKKUR &  
SPILUM Á ANNARRI HVERRI BRAUT /  
BOLTINN Í BEINNI OG BOLTATILBOÐ  
Á MAT OG DRYKK**

FYLGSTU MEÐ DAGSKRÁNNI Á FACEBOOK.COM/KEILUHOLLIN

– OPNUNARTÍMAR KEILUHALLARINNAR –

MÁN - MÍÐ. 17-21 / FIM & FÖS. 16-22 / LAU. 12-22 / SUN. 12-21

keiluhollin.is

Keiluhöllin  
EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00





MOSFELLSBÆR

## Auglýsing um skipulag

### Aðal- og deiliskipulagslýsing 5. áfanga Helgafellshverfis

Mosfellsbær auglýsir hér með skipulagslýsingu fyrir breytingu aðalskipulags og nýtt deiliskipulag, skv. 1. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsingin fjallar um áform uppbyggingar 5. áfanga Helgafellshverfis, norðaustast í hverfinu. Um er að ræða 8,5 ha svæði í eigu Mosfellsbæjar. Innan svæðisins er áætluð blöndun fjölbýla og sérþýla. Hverfið tengist nýjum Skammadalssvegi. Áætlaðar eru um 150 einingar innan skipulagssvæðisins auk búsetukjarna fyrir fatlað fólk. Aðalskipulagsbreytingin felur í sér að auka heimildir íbúða í Helgafellshverfinu öllu úr 930 í 1150. Er það sökum almennrar eftirspurnar um smærri íbúðir á síðustu árum.

Umsagnafrestur er frá 11. febrúar til og með 7. mars 2021.

### Deiliskipulag fyrir Heytjarnarheiði

Mosfellsbær auglýsir hér með nýtt deiliskipulag fyrir frístundahús úr landi Miðdals I, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillaga sýnir nýtt deiliskipulag fyrir tvö frístundahús að Heytjarnarheiði L125202 og L125204, 525-F. Lóðirnar eru 10.871 m<sup>2</sup> og 17.264 m<sup>2</sup>. Í samræmi við aðalskipulag Mosfellsbæjar má byggja eitt frístundahús og gestahús á hvorri lóð samanlagt mest 200 m<sup>2</sup>, hámarkshæð er 6 m. Aðkoma er um Lynghólssveg.

Athugasemdafrestur er frá 11. febrúar til og með 28. mars 2021.

Gögn verða aðgengileg á vef Mosfellsbæjar, [mos.is/skipulagsauglysingar](http://mos.is/skipulagsauglysingar), og á Upplýsingatorgi, Þverholti 2. Þeir sem vilja geta kynnt sér tillögurnar og gert við þær athugasemdir eða gefið umsögn, aðrir teljast samþykkir. Athugasemdir skulu vera skriflegar, ásamt helstu upplýsingum um sendanda, og þær skulu merktar skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær, eða berast í tölvupósti á [skipulag@mos.is](mailto:skipulag@mos.is).

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar  
11. febrúar 2021

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | [mos.is](http://mos.is)



HORFT ÚR MÓTTÖKU  
Í INNRI OG YTRI SAL



Framkvæmdir við fyrsta áfanga í innra rými boðnar út

## Endurbætur á Hlégarði hefjast innan skamms

Umhverfissvið Mosfellsbæjar hefur á grundvelli heimildar bæjarráðs boðið út framkvæmdir við fyrsta áfanga endurbóta á innra rými Hlégarðs.

Verkefnið felur í sér heildstæða endurgerð fyrstu hæðar hússins. Hönnuðir skiptu framkvæmdum í fyrsta áfanga með eftirfarandi hætti: Uppbygging og endurnýjun stöðryma svo sem salerna, bars og undirbúningur burðavirks áður en gólf verða endurgerð á fyrstu hæð og salir innréttaðir að nýju í samræmi við fyrirliggjandi teikningar.

### Gætt að hönnun Gísla Halldórssonar

Menningar- og nýsköpunarnefnd fól starfsmönnum sveitarfélagsins í maí 2019 að velja arkitektastofu til að vinna tillögur að breytingum á innra rými Hlégarðs.

Leitað var til arkitektastofunnar Yrki arkitektar sem hafði áður unnið tillögur að breytingum á innra rými Hlégarðs. Húsið er hannað af Gísla Halldórssyni arkitekt og var arkitektum meðal annars falið að gæta sérstaklega að heildaryfirbragði hússins í samhengi við höfundareinkenni byggingarinnar og sögu. Samhliða yrði tryggt að breytingar yrðu til að auka notagildi hússins.



HLÉGARÐUR  
Á ÁRUM ÁÐUR

### Menningarstefna – skapa rými

Í menningarstefnu Mosfellsbæjar er fyrsti áhersluflökurinn sá að Mosfellsbær skapi rými og aðstöðu til menningarstarfsemi.

Þær tvær aðgerðir sem voru fremstar í forgangs röðuninni eru annars vegar að Hlégarður verði miðstöð menningarlífs í Mosfellsbæ og hins vegar að lokið verði við að útfæra áætlun um breytingar á Hlégarði, hanna þær og skipta þeim upp í áfanga til næstu fjögurra ára. Þessar tvær aðgerðir eru þannig komnar á góðan rekspól.



ÚTDREIÐ STÓLAKERFI



INNRI SALURINN

Næsta blað kemur út:  
**11. MARS**

Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudaginn 8. mars.








KRAFTUR



# SÝNDU KRAFT Í VERKI Á LIFIDERNUNA.IS

STUÐNINGSFÉLAG FYRIR UNGT FÓLK SEM GREINST  
HEFUR MEÐ KRABBAMEIN OG AÐSTANDENDUR





## Álafoss upplýstur á Vetrarhátíð

Vetrarhátíð var haldin á höfuðborgarsvæðinu 4.-7. febrúar 2021. Vegna sóttvarnaráðstafana var hátíðin með breyttu sniði í ár.

Á þessari Vetrarhátíð var lögð sérstök áhersla á ljós utandyra og í almannarými og af því tilefni var Álafoss lýstur með fjólubláum ljósum, sem er annar einkennislitur hátíðarinnar.

Safnanótt frestast fram í maí á þessu ári, með þeim fyrirvara að sóttvarnareglur verði orðnar rýmri. Sundlauganótt verður ekki haldin í ár en kemur sterk inn á Vetrarhátíð 2022.

Mynd/RaggiÓla

Gallup kannar þjónustu 20 stærstu sveitarfélaganna • Með sömu heildareinkunn og Garðabær á toppnum

# Mosfellsbær áfram í einu af toppsætunum

Gallup kannar árlega þjónustu sveitarfélaga og mælir viðhorf íbúa til þjónustu í 20 stærstu sveitarfélögum landsins.

Eins og undanfarin ár situr Mosfellsbær í efstu sætum könnunarinnar. Þegar spurt er um sveitarfélagið sem stað til þess að búa á og þjónustuna í heild er Mosfellsbær yfir landsmeðaltali í ellefu málaflokkum af þrettán, en rétt undir landsmeðaltali í tveimur málaflokkum sem felur í sér tækifæri til úrbóta.

### Efstu sætin tvö með sömu einkunn

Á árinu 2020 reyndust 88% aðspurðra frekar eða mjög ánægðir með sveitarfélagið sem stað til að búa á. Um 10% svara spurningunni með svarinu hvorki né og einungis 2% íbúa eru óánægðir með sveitarfélagið sem stað til þess að búa á. Mosfellsbær hækkar um eitt sæti og deilir nú efsta sætinu með Garðabæ en bæði sveitarfélögin eru með einkunnina 4,4 á 5 punkta skala og skilur eingöngu þriðji aukastafur sveitarfélögin að.

Um 77% íbúa eru ánægðir með þjónustu sveitarfélagsins á heildina litið bæði út frá reynslu þeirra og áliti. Hér hækkar sveitarfélagið úr meðaleinkunninni 3,9 í 4 en landsmeðaltalið er óbreytt milli ára. Segja má að þessar tvær spurningar rammi inn mat íbúa á frammistöðu sveitarfélaganna

í einstaka málaflokkum og má þar sérstaklega nefna spurninguna um heildarmat á þjónustunni þar sem sú spurning kemur í framhaldi af spurningum um einstaka málaflokka.

Um 97% þeirra sem eiga börn á leikskóla í Mosfellsbæ eru ánægðir með þjónustuna

### Yfir landsmeðaltali í flestum flokkum

Eins og áður sagði var Mosfellsbær yfir landsmeðaltali árið 2020 í ellefu málaflokkum af þrettán. Málaflokkarnir tveir þar sem sveitarfélagið er undir landsmeðaltali eru annars vegar þjónusta við aldraða og hins vegar þjónusta við fatlað fólk.

Þegar þjónusta leikskóla er skoðuð má sjá að 75% íbúa voru ánægðir með þjónustu leikskóla en þegar eingöngu er litið til þeirra svarenda sem eiga börn í leikskólum Mosfellsbæjar þá reyndust 97% þeirra ánægðir með þjónustuna. Þá reyndist 81% svarenda mjög eða frekar ánægðir með aðstöðu til íþróttaiðkunar og um 70% eru mjög eða frekar ánægðir með þjónustu við barnafjölskyldur.

Mosfellingar eru samkvæmt könnuninni ánægðir með gæði umhverfisins og eru um 81% ánægðir með þann þátt. Mosfellsbær deilir fyrsta sæti með fjórum öðrum sveitarfélögum þegar kemur að gæði umhverfisins í bænum. Mosfellsbær er í þriðja sæti með-

al stærri sveitarfélaga með skipulagsmál almennt, en meðaleinkunn í þeim flokki er almennt mjög lág í samanburði við aðra málaflokka hjá öllum sveitarfélögum.

### Könnunin veitir mikilvægar upplýsingar

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri segir að könnun Gallup sé sem fyrir mikilvægur hluti af þeim gögnum sem nýtt eru til þess að vinna að umbótum í starfsemi Mosfellsbæjar en nú standi yfir kynning á niðurstöðum könnunarinnar í nefndum bæjarins.

„Enn sem fyrir raðar Mosfellsbær sér í efstu sæti þegar kemur að mati íbúa á Mosfellsbæ sem stað til að búa á og við stöndum sterk í meginþorra málaflokka. Það skiptir okkur sem störfum fyrir Mosfellinga máli að vita að þeir eru í meginþráttum ánægðir með þjónustuna. Könnunin veitir okkur mikilvægar upplýsingar sem við nýtum til þess að standa okkur enn betur og þá sérstaklega þar sem ánægjan minnkar milli ára.

Við höfum markað þá stefnu að vöxtur sveitarfélagsins hafi jákvæð áhrif á þjónustu og þjónustustig og það virðist hafa tekist að

mínu mati. Það er hins vegar ekki nóg fyrir okkur að vera yfir landsmeðaltali í ellefu af þrettán málaflokkum.“

### Hvatning til starfsfólks

„Niðurstaðan varðandi málefni fatlaðs fólks og þjónustu við aldraða er nokkuð sem við munum rýna vel í góðri samvinnu og samtali við þá sem njóta þessarar þjónustu. Hvað varðar grunnskólana sjáum við það í gögnum könnunarinnar að meðaleinkunn stærri sveitarfélaga hvað varðar grunnskólana er lægri en hjá minni sveitarfélögum.

Ein leið til þess að vinna með þessi gögn er að kanna sérstaklega hvað minni sveitarfélög eru að gera öðruvísi en við. Könnun Gallup er því mikil hvatning til okkar starfsfólks Mosfellsbæjar. Hún lýsir því hvað er að takast vel hjá okkur og beinir sjónum okkar að þjónustu þar sem við getum gert betur.“



Haraldur Sverrisson bæjarstjóri

» Könnunin var framkvæmd frá 6. nóvember til 20. desember 2020. Heildarúrtak í könnuninni er 9.235 manns í 20 stærstu sveitarfélögum landsins. Úrtakið í Mosfellsbæ var 509 einstaklingar. Nánari upplýsingar má finna á slóðinni [mos.is/gallup2020](http://mos.is/gallup2020).



Davíð Ólafsson lög. fast.  
david@fastborg.is

## MIKIL SALA

### Ég vil vinna fyrir þig!

- fagleg og persónuleg þjónusta  
HRINGDU Í 897-1533

**B O R G**  
FASTEIGNASALA



MOSFELLSBÆR

## Laus störf í Mosfellsbæ

Mosfellsbær hefur tekið í gagnið nýjan ráðningarvef.

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á nýjum ráðningarvef:

[www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf)

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | [mos.is](http://mos.is)





# TRÍÓ

— MÁNAÐARINS —

→ EIN STÓR PIZZA ←

# 1.840 KR.


AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIR FRAM OG SÆKIR



PANTAÐ Á  
NETINU EÐA  
MEÐ APPINU OG  
GREITT FYRIR FRAM

# 3

ÞRÍJÁR PIZZUR AF  
MATSEÐLI Á SJÓÐ-  
HEITU TILBOÐSVERÐI  
Í HVERJUM MÁNUÐI



# STÓR -PIZZA-

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP



# Tilboð mánaðarins

## Offer of the month

**1,990.kr**  
Nr 1, 2 and 3 including rice

### 1. CHICKEN CASHEW NUTS

Chicken sauteed with cashew nuts, onion, mushrooms  
Pönnusteiktur kjúklingur með cashew hnetum, lauk, sveppum.

### 2. OYSTER SAUCE

Pork stir-fried with oyster sauce, onion, broccoli.  
Steiktur svínakjöt með lauk, spergilkál í ostru sósu

### 3. YELLOW CURRY

Chicken with yellow curry, coconut milk, potato and onion.  
Kjúklingur í gulu karrý, kókósmjól, kartöflum og laukur.

### 4. PAD THAI

Fried rice noodles with chicken, egg and peanuts  
Steiktur hrísnuðlur með kjúklingi, eggji, blaðlauk og hnetum.

### 5. PAD THAI VEGAN

Fried rice noodles with tofu, broccoli and peanuts  
Steiktur hrísnuðlur með tofu, spergikáli, blaðlauk og hnetum.

## Við notum ekki MSG og auka efni

Allur matur er eldaður eftir pöntun því er enginn matur tilbúinn fyrirfram. Þar af leiðandi er alltaf allavega 10 mínútna bið eftir matnum stundum þegar mikið er að gera getur því biðin verið löng.

**If you never try  
You never know**

**Gott bragð og betri smekkur**

**Opnunartími : 17.00 – 20.00**

**Lau, Sun : 16.30 – 20.30**

**www.yam.is**

**yamrestaurant@gmail.com**



**Y A M**  
THAI FOOD RESTAURANT  
KJARNA, ÞVERHOLT 2  
270 Mosfellsbæ

**TEL : 552 - 66 - 66**

**yam@yam.is**



DEREK MUNDELL  
OG STEINUNN

Gjöf frá Vatnslitafélagi Íslands • Þakka fyrir samstarfið

## Listaverkagjöf til Listasalar Mosfellsbæjar

Listasalur Mosfellsbæjar fékk á dögunum höfðinglega gjöf frá Vatnslitafélagi Íslands.

Félagið vildi með þessu þakka fyrir samstarfið við sýninguna Andstæður sem sett var upp í Listasalunum í lok síðasta árs.

Gjöfin, „Næturþoka“ eftir Jón Aðalstein Þorgeirsson, er ein vatnslitamýndanna sem voru á sýningunni. Formaður Vatnslitafélags Íslands, Derek Mundell, sést hér færa Steinunni L. Emilsdóttur, umsjónarmanni Listasalar Mosfellsbæjar, verkið.

## Fjárframlög til lista- og menningarstarfsemi

**Menningar- og nýsköpunarnefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna listviðburða og menningarmála árið 2021.**

Hér undir falla áður árviss fjárframlög til margvíslegrar menningarstarfsemi í bænum, auk nýrra. Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök eða stofnanir, innan sem utan Mosfellsbæjar. Menningar- og nýsköpunarnefnd óskar sérstaklega eftir umsóknum sem efla nýsköpun á sviði lista og menningar.

**Fjárframlög til lista og menningarmála eru af tvennum toga:**

- Fjárframlög til almennrar listastarfsemi.
- Fjárframlög vegna viðburða eða verkefna.

**Umsóknum skal skilað í síðasta lagi þann 1. mars 2021 í gegnum Íbúagátt Mosfellsbæjar.**

Nánari upplýsingar á vef Mosfellsbæjar: [mos.is/listogmenning](http://mos.is/listogmenning).

Niðurstöður Menningar- og nýsköpunarnefndar Mosfellsbæjar munu liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl 2021 og eru háðar samþykki bæjarstjórnar.



VIÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA

MOSFELLSBÆR






# GRAFÍT

innanhússarkitektúr, hönnun & ráðgjöf  
fyrir heimili, fyrirtæki & stofnanir

[www.grafit.is](http://www.grafit.is)



BYGGINGAFÉLAGIÐ  
**BAKKI**



Góður svefn í íslenskum  
ullarfaðmi eykur vellíðan

Íslenskar ullarsængur  
Fáanlegar á [Lopidraumur.is](http://Lopidraumur.is)





# FRAM UNÐAN Á BARION



Enski boltinn alltaf í beinni - fylgstu með á Facebook og Instagram



— 12. FEB

## PÉTUR JESÚ MEÐ GÍTARINN

Tónlistarmaðurinn Pétur Örn Guðmundsson skemmtir á Barion föstudagskvöldið 12. febrúar. Skemmtileg tónlist í bland við glens og grín kl. 20-22. Pétur er m.a. söngvari hljómsveitanna Buff og Dúndurfrétta. Frítt inn!



— 14. FEB

## BUBBI Í BEINNI Á BARION

Valentínusartónleikar Bubba Morthens sýndir á öllum skjáum í samstarfi við Hlégarð. Það er gott að elska ... í beinni útsendingu frá Hlégarði kl. 20. Tryggðu þér sæti á Barion.is (1.000 kr. og innifalinn er drykkur)



— 20. FEB

## ALEXANDER ARON MEÐ LIFANDI TÓNLIST

Alexander Aron skemmtir gestum á Barion laugardagskvöldið 20. febrúar kl. 20-22. Með gítarinn að vopni keyrir hann upp stemninguna. Frítt inn og frábær stemning á hverfisstaðnum þínum.



— 25. FEB

## BARION-BINGÓ

Fullorðins-BINGÓ fimmtudaginn 25. febrúar með stórglæsilegum vinningum. Bingóstjóri er Mosfellingurinn Hilmar Gunnarsson og hefst veislan kl. 20:30. Hægt verður að panta sæti með því að kaupa tvö spjöld í forsölu á Barion.is



— 27. FEB

## TRÚBADORAKVÖLD MEÐ MAGGA HAFDAL

Maggi Hafdal mætir með gítarinn til okkar laugardagskvöldið 30. janúar. Lifandi tónlist og góð stemning enda Maggi öllum hnútum kunnugur. Talið í fyrsta lag kl. 20:00 og frítt inn meðan húsrúm leyfir.

**60 GESTIR Í SAL**

HÆGT ER AÐ PANTA  
BORD Í SÍMA 456-4040

f @ BARION\_MOSO

FRÍTT  
INN



# ÞRISTAMÚSABOLLA

VATNSDEIGSBOLLA MEÐ ÞRISTAMÚS, KARAMELLUSÓSU OG ÞRISTAKURLI

TVÆR SAMAN  
1.695 KR

FÁST Á BARION  
STÆRRI PANTANIR Á MAMMAMIA.IS



**blush**  
**BARION BINGÓ**  
FYRIR FULLORÐNA ;)

FIMMTUDAGINN 25. FEBRÚAR KL. 20:30

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI MEÐ ÞVÍ AÐ PANTA  
TVÖ SPJÖLD Í FORSÖLU Á BARION.IS

SPJALDIÐ KOSTAR 1.500 KR.



**STÓRGLÆSILEGIR VINNINGAR!**

Í SAMSTARFI VIÐ KYNLÍFSTÆKJAVERSLUNINA BLUSH AUK  
FJÖLDA ANNARRA GLAÐNINGA Í FÖSTU OG FLJÓTANDI FORMI





## Heiðursverðlaunahafi hannaði bæjarmerkið

Hönnunarverðlaun Íslands 2020 voru afhent þann 29. janúar. Lilja D. Alfredsóttir, mennta- og menningarmálaráðherra veitti Kristínu Þorkeldsdóttur, grafískum hönnuði, heiðursverðlaun Hönnunarverðlauna Íslands árið 2020. Í umsögn dómnefndar segir meðal annars að verk Kristínar Þorkeldsdóttur sé þjóðþekkt enda hannaði hún þá peningaseðla sem notaðir eru hér á landi, útlit íslenska vegabréfsins og ýmis þjóðþekkt merki sem blasað hafa við Íslendingum í áratugi. Rannsóknarvinna, áhugi og næmni fyrir viðfangsefninu einkenna vinnubrögð Kristínar. Sem dæmi má nefna merki Mosfellsbæjar, sem er stílfærð útgáfa af skjöldum sem þrýddu bakhlið silfurpeninga úr fjarsjóði sem dóttir Egils Skallagrímssonar faldi í nágrenni við Mosfell. Þekktasta verk Kristínar eru þó án efa peningaseðlar Íslands, sem hún vann í samstarfi við Stephen Fairbairn. Hún hefur séð um hönnunina á öllum seðlum frá gjaldmiðilsbreytingunni árið 1981.



200 FM ÞÚTTFLÖT



SALUR FYRIR IÐKENDUR OG ÞJÁLFA

Golfklúbbur Mosfellsbæjar hefur tekið í notkun glæsilega inniaðstöðu á neðri hæð Kletts

# Golfið orðið að heilsársíprótt

Golfklúbbur Mosfellsbæjar tók nýverið í notkun nýja og glæsilega inniaðstöðu á neðri hæðinni í íþróttamiðstöðinni Kletti.

Það er óhætt að segja að með því hafi aðstaða kylfinga í Golfklúbbi Mosfellsbæjar orðið allt önnur og býður klúbburinn nú upp á frábæra aðstöðu til golfiðunar allt árið um kring.

Í íþróttamiðstöðinni er virkilega góð aðstaða til þess að æfa golf og er þar m.a.

- Tveir fullkomnir Trackman golfhermar
- 200 fermetra þúttflöt
- Aðstaða til þess að slá í net
- Fyrirlestrarsalur fyrir iðkendur og þjálfara

Leitast er við að bjóða öðrum hópum aðstöðu í húsinu til almennrar útivistar og hreyfingar. Svæðið er tengt inn í stíga-kerfi Mosfellsbæjar og því skapast mörg skemmtileg tækifæri fyrir tengingar og fleiri íþróttir/útivist í hjarta Mosfellsbæjar.

### Ótrúlega góð áhrif á starfið

„Það er óhætt að segja að þessa nýja aðstaða hafi strax haft alveg ótrúlega góð áhrif



GOLFHERMIR

á starf Golfklúbbsins,“ segir Ágúst Jenson framkvæmdastjóri GM. „Það er stórt stökk að fara úr því að slá í net í vélaskemmu klúbbsins í eins glæsilega aðstöðu og raun ber vitni. Okkar krakkar og afrekskylfingar hafa svo sannarlega notið góðs af þessari aðstöðu og eyða þau miklum tíma þar sem er virkilega ánægjulegt.

Það hefur orðið talsverð aukning á iðkendum hjá okkur í GM, iðkendafjöldinn

tók mikinn kipp í sumar og er virkilega ánægjulegt að sjá hversu margir eru núna að æfa golf yfir vetrartímann einnig. Þar spilar okkar glæsilega aðstaða ansi stórt hlutverk.

Kylfingar í GM hafa einnig tekið þessari bættu aðstöðu fagnandi og nýta hana vel hvort sem það er til þess að koma í golfhermana okkar sem eru þétt bókaðir alla daga eða til þess að æfa og viðhalda golf-sveiflunni.

### Sprenging í golfinu

Það er alveg ljóst að sú aðstaða sem GM hefur upp á að bjóða í dag mun efla starf klúbbsins verulega. Golf í Mosfellsbæ er nú orðið að heilsársíprótt.

Mikil aukning hefur orðið í golfinu undanfarnin ár og var síðasta ár alveg einstakt og það má í raun segja að það hafi orðið sprenging í golfinu. Golf er frábær íþrótt fyrir alla fjölskylduna og hvetjum við ykkur Mosfellingar góðir að koma við hjá okkur og prófa þessa frábæru íþrótt,“ segir Ágúst.

Allar upplýsingar um GM má finna á heimasíðu klúbbsins, [www.golfmos.is](http://www.golfmos.is)



DVD-MYNDIR TIL LÁNS

## Bókasafn Mosfellsbæjar

# Alltaf eitthvað nýtt

Það er um að gera að kíkja reglulega í Bókasafn Mosfellsbæjar því alltaf er að koma nýtt efni.

Nýverið bættust fjölmargar danskar bíómyndir í DVD-deildina, og nú er hægt að fá lánuð í tvær vikur kökuform, m.a. kransakökuform. Einnig eru komin fleiri borðspil til útláns. Áhugafólki um danskt samfélag, þrjóna- og mataruppskriftir er bent á að nýlega bættist hið stórskemmtilega blað Hendes verden við í tímaritahorninu.

Ef þið hafið einhverjar séróskir eða áhugaverðar ábendingar um kaup á safnefni þá látið starfsfólk safnsins endilega vita. Allar innkaupaþillögur eru skoðaðar. Hægt er að láta netfang fylgja tillögunni



og þá ertu látin vita ef safngagnið sem þú stakkt upp á er keypt.


## Listasalur Mosfellsbæjar

# Jöklar Steinunnar

Steinunn Marteinsdóttir, Mosfell-ingur með meiru, heldur næstu sýningu í Listasal Mosfellsbæjar. Sýningin hefst 12. febrúar og lýkur 12. mars. Bent er á að ekki verður formleg opnun vegna Covid-19.

Sýning Steinunnar nefnist JÖKULL - JÖKULL og er þetta yfirlitssýning af jöklamyndum sem listakonan málaði á árunum 1986-2019. Jökullinn hefur lengi verið sterkt þema í verkum Steinunnar og hefur Snæfellsjökull verið henni sérstaklega hugleikinn.

Listasalurinn er opin á afgreiðslutíma Bókasafnsins, kl. 12-18 á virkum dögum og kl. 12-16 á laugardögum.



Eltu okkur...

við erum á Instagram

**bokasafn\_moso**

**listasalur\_moso**



# Varmárlaug

Róleg og notaleg sveitalaug í heillandi umhverfi



## HEITIR SUNNUDAGAR

**21. febrúar - 7. mars - 21. mars**

Á tímabilinu febrúar til mars býður sundlaugin að Varmá upp á heita sunnudaga.

**Þá er hitastig sundlaugarinnar hækkað í 34-36°.**

Tilvalið fyrir þá sem vilja slaka á í notalegu umhverfi, einnig upplagt fyrir barnafjölskyldur að njóta samvista í sundi

### VARMÁRLAUG

Opið virka daga kl.06:30 - 08:00 & 15:00 - 21:00

Laugardaga kl.08:00 - 17:00

Sunnudaga kl.08:00 - 16:00



MOSFELLSBÆR

### Vellíðan og frelsi í heitri laug

Fyrsta og þriðja sunnudag í mánuði býður Ágústa Hjaltadóttir upp á flotviðburði fyrir konur í Varmárlaug.

**Skráning fer fram á netfanginu [agusta@heilogsael.is](mailto:agusta@heilogsael.is)**

Nánari upplýsingar um viðburðina er að finna á Facebook undir heitinu „Heil og sæl”





# Fann farveg fyrir sköpunargleðina

**Þ**að má sannarlega segja að áhugamál Hönnu Margrétar Kristleifsdóttur séu margvísleg en áhugi hennar á listsköpun er eitt af því sem stendur upp úr.

Hún sinnir leiklist af kappi en árið 2007 kynntist hún skartgripagerð og fór í framhaldi í nám í almennri hönnun og þaðan í fjarnám í Institute of art and design í New York og útskrifaðist þaðan 2016.

Hanna Margrét hennar sína eigin skartgripalínu í dag sem er bæði litrík og falleg.

Hanna Margrét fæddist í Reykjavík 12. apríl 1972. Foreldrar hennar eru þau Margrét Ólafsdóttir húsmóðir og listmálari og Kristleifur Guðbjörnsson lögregluumaður og langhlaupari en þau eru bæði látin.

Systkini Hönnu eru þau Guðbjörn f. 1960 d. 2005, Gunnar f. 1965 og Unnur f. 1967.

## Dekkinn eyðilögðust á endanum

„Ég var tveggja ára þegar við fjölskyldan fluttum í Arkarholtið, þetta var bara sveit þá en svo þéttist byggðin smám saman.

Ég er fædd með klofinn hrygg og lærði því að ganga með hækjur en síðar þá slasaðist ég og eftir það hef ég verið í hjólastjól. Þá þurfti að gera viðeigandi breytingar á heimilinu eins og að lagfæra hurðir og fleira.

Systkini mín voru dugleg að passa mig og ég fór oft með þeim út í kerrunni. Þegar Gunnir bróðir var fenginn til að fara í búðina fyrir mómmu og með mig í kerrunni þá fór hann aldrei beina leið. Hann fór í hvern einasta drullupoll og í allar þær torfærur sem hann fann enda eyðilögðust dekkinn á endanum,“ segir Hanna og hlær að minningunni.

## Ég grét með honum

„Ég var alin upp við að vera sjálfstæð og flestir vinir mínir í æsku voru ófatlaðir. Við lékum okkur saman í götunni í fallin spýta og fleiri leikjum en ef við fórum í fótbolta þá var ég í marki.

Eitt sinn vorum við krakkarnir að leika út í garði og einn strákurinn sem bjó í götunni var ekki sammála mér um eitthvað svo ég varð reið og sló hann með hækjunni. Hann fór þá að gráta og grét svo hátt að ég grét með honum.“

## Mamma barði í borðið

„Ég gekk í Varmárskóla og Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar. Fyrstu árin flakkaði ég á milli bekkja sem ýmist voru á fyrstu eða annarri hæð. Mamma barði í borðið og sagði að það gengi ekki þetta flakk á milli hæða og eftir það var ég alltaf í sama bekknum.

Ein helsta skemmtun hjá strákunum í bekknum mínum í barnaskóla var að kalla á eftir mér „Hanna hækjuspenna“ því ég var svo oft með tígú í hárinu. Þeir kölluðu þetta ekki af neinni illmennsku, þeim fannst bara svo gaman að sjá viðbrögðin hjá mér. Ég nefnilega elti þá á eftir og reyndi að ná þeim, sem mér fannst mjög gaman.“



Hanna ásamt Presti og foreldrum sínum í Arkarholti.



Eftir Ruth Örnólfssdóttur  
**MOSFELLINGURIN**  
ruth@mosfellingur.is

## Lít eftir ungu stúlkunum

„Eftir útskrift úr gagnfræðaskóla fór ég í Menntaskólann við Hamrahlíð og lauk stúdentsprófi frá félagsfræðibraut. Með skólanum starfaði ég á bæjarskrifstofu Mosfellsbæjar sem þá var á 2. hæð í Hlégarði og svo starfaði ég líka í Íþróttahúsinu að Varmá.

Ég hóf síðan nám í Háskóla Íslands á félagsráðgjafabraut en færði mig svo yfir í djákann. Ég fór líka í förðunarnám hjá No Name árið 2003.

Árið 1997 hóf ég störf í Íþróttamiðstöðinni að Varmá, þar var ég í tíu ár og vann við hin ýmsu störf. Ég var svo hjá Símanum í ár en í dag starfa ég sem baðvörður hjá Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík. Ég lít aðallega eftir ungum stúlkum í 4.-6. bekk úr Laugarnesskóla þegar þær koma í Íþróttir.

Ég er líka leiðbeinandi hjá Herbalife en ég fór í það eftir að ég kynntist vörunum sjálf.“



Hanna og Þröstur á brúðkaupsdaginn árið 2018.

## HIN HLIÐIN

**Það besta við Ísland?** Náttúran.

**Uppáhaldsveitingastaður?** Arkarholt 4, maturinn hjá Unni systur.

**Hvaða litur lýsir þér best?** Fjólublár.

**Stjörnumerki?** Hrutúr.

**Hvar lætur þú klippa þig?** Solid hár.

**Hver myndi leika þig í bíómynd?** Kirstie Alley, hún er mikil skellibjalla eins og ég.

**Hvað er það fyndnasta sem þú hefur lent í?** Þegar ég var ein á ferð á leið á Landspítalann. Ég lagði bílnum og tók hjólastólinn út en missti tak á honum svo hann rúllaði yfir bílplanið. Ég braut heilann um það hvernig ég gæti reddað þessu en þá kom kona gangandi og hún aðstoðaði mig, þetta var frekar vandræðalegt.

**Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?** Unnur systir, hún bauð gömlum vinum mínum af Fógetanum í 40 ára afmælið mitt, summa hafði ég ekki hitt í 15 ár.



HANNA 3 ÁRA



SYSTKININ GUNNAR, UNNUR OG HANNA



ARBÖNDIN HENNAR HÖNNU

## Kynntust í Halaleikhópnum

„Ég gekk í Halaleikhópinn 2002 en það er áhugaleikfélag fatlaðra og ófatlaðra sem stofnað var 1992 og er með aðsetur í Sjálfsbjargarhúsinu. Við störfum undir kjörorðinu Leiklist fyrir alla. Ég hef verið formaður félagsins sl. tvö ár en félagið er rekið af félagsfólkinu sjálfu sem gengur í öll verk og hefur engan starfsmann á launum.

» **Þeir kölluðu þetta ekki af neinni illmennsku, þeim fannst bara svo gaman að sjá viðbrögðin hjá mér. Ég nefnilega elti þá á eftir og reyndi að ná þeim, sem mér fannst mjög gaman.**

Ég kynntist Þresti mínum Steinþórssyni árið 2005 í Halaleikhópnum en vinur hans, Jón Eiríksson, dró hann með sér á æfingu því það vantaði tæknimann. Hann endaði þó á sviði og lék eitt atriði á móti mér þegar við settum upp Kirsuberjagarðinn.“

## Vissum að þetta myndi ekki ganga upp

„Þegar við Þröstur byrjuðum að vera saman þá bjó hann í risibúð á Hofteigi í Reykjavík. Þegar ég kom í heimsókn þá þurfti hann að lyfta mér upp á úttröppurnar og svo upp brattann stigann inni. Við vissum að það myndi ekki ganga upp að búa saman þarna,“ segir Hanna og skellir upp úr.

„Við leigðum okkur íbúð í Sóltúni í 14 ár

en keyptum okkur svo íbúð í Helgafellshverfi og hér líður okkur vel, það er svo gott að búa í Mosfellsbæ. Þröstur kynnti mig fyrir bogfimi en hann var búinn að stunda hana í mörg ár hjá ÍFR en hann starfar þar. Ég hef reyndar lítið getað stundað bogfiminna eins og ég hefði viljað vegna anna hjá Halaleikhópnum.“

## Hélt ég væri með tíu þumalputta

„Áhugamál mín fyrir utan leiklistina er hvers konar listsköpun og þá helst skartgripahönnun og ljósmyndun. Ég kynntist skartgripagerð 2007 og fann þá farveg fyrir sköpunargleðina en fram að því hélt ég að ég væri með tíu þumalputta. Ég fór í nám í almennri hönnun í Tækniskólanum og er líka búin að fara á ótal námskeið.

Ég reyndi fyrir mér í gullsmíði en varð síðan að gefa hana upp á bátinn og leita að öðrum farvegi fyrir skartgripagleði mína. Ég fann fjarnám í skóla í New York, Institute of art and design, beat and wire working, og þaðan fékk ég diploma árið 2016.

Nú er ég að hanna og búa til mína eigin skartgripalínu og hef verið að selja hana að heiman frá mér en ég þyrfti vissulega að finna því annan farveg.

Hönnunarlínan mín heitir Bara Hanna og fyrir áhugasama þá set ég reglulega inn myndir á samfélagsmiðla eins og Facebook (Bara Hanna) og Instagram (bara\_hannas-jewelry),“ segir Hanna brosandí að lokum er við kveðjumst.





MOSFELLSBÆR

Við hvetjum alla Mosfellinga, unga sem aldna, til að nýta sér aðstöðuna sér til heilsubótar.



## FELLIÐ

Fjölnota íþróttahúsið okkar stendur öllum bæjarbúum opið til göngu og léttar hreyfingar alla virka daga frá kl. 08:00-14:00

# VELKOMIN AÐ VARMÁ

## Bætum lýðheilsu okkar og hreyfum okkur reglulega!

Þótt úti sé kalt og hálka höfum við góða aðstöðu til að ganga og hreyfa okkur í vetur.



## VARMÁR-VÖLLUR

Í anda lýðheilsustefnu Mosfellsbæjar viljum við benda Mosfellingum á að hlaupabrautin að Varmá er upphituð og upplýst með mildri lýsingu.







AFTURELDINGARSTELPUARNAR

## Héldu héraðsmót unglunga í blaki

Afturelding, Próttur og HK tóku þátt í héraðsmóti unglunga í blaki að Varmá í lok janúar. Alls tóku 12 lið þátt í mótinu og var mikil gleði og fjör að geta loksins spilað blak við önnur lið.

Fjöldatakmörkin flæktu skipulag mótsins en það hafði ekki áhrif á leikgleðina. Aftureldingarliðin okkar stóðu sig öll mjög vel. Frítt er að koma og prófa að æfa blak, allir eru velkomnir, 10 ára og yngri æfa í Lágafelli og 11 ára og eldri að Varmá, sjá á [www.afturelding.is/blak/timatoflur](http://www.afturelding.is/blak/timatoflur). Blakdeildin þakkar Barion fyrir góðan stuðning.




SIGURVEGARAR



## Afturelding og Bakki framlengja til 2022

Byggingafélagið Bakki hefur framlengt samstarfssamningi við Aftureldingu til ársins 2022, en fyrri samningurinn rann út í lok árs 2020. Samningurinn kveður á um að Bakki sé aðalstyrktaraðili barna- og unglungaráða í blaki, handbolta, knattspyrnu og körfubolta. Afturelding er afar þakklát Bakka fyrir áframhaldandi stuðning við félagið. Merki Bakka er sem fyrr framan á keppnisbúningum Aftureldingar í yngri flokkum í þeim deildum sem áður var talið upp.



## Gjörbreytt vinnuaðstaða Ný skrifstofa Aftureldingar að Varmá

Um áramótin fékk Afturelding nýtt skrifstofurými til notkunar að Varmá. Rýmið er staðsett á annari hæð við hlið bardagasalarins sem var tekin í notkun árið 2014.

Ný skrifstofa býður upp á mikla mögulega fyrir starfsfólk og sjálfbóðaliða félagsins. Fundarherbergi og góð setustofa þar sem hægt er að funda með nýjust tækni er mikilvæg viðbót við gamla rýmið.

Starfsfólk Aftureldingar flutti sig um set um miðjan desembermánuð og er enn að koma sér fyrir. Nýja skrifstofan er kærkomin og hlakkar starfsfólk til að taka á móti fólkinu okkar með hækandi sól og minnkandi heimsfaraldri.



## 30 iðkendur tóku beltapróf taekwondodeildar Aftureldingar

# Beltapróf og landsliðsæfing

Laugardaginn 30. janúar fór fram beltapróf hjá taekwondodeild Aftureldingar. Vegna sóttvarnareglna gátu foreldrar ekki verið á staðnum til að fylgjast með börnum sínum. Þá var gott að geta fengið búnað og sent beint út frá beltaprófinu í gegnum YouTube rás Aftureldingar TV.

Það voru 30 iðkendur sem tóku prófið að þessu sinni, þeim var skipt í þrjá hópa og gekk þeim öllum vel.

### Tekið þátt í gegnum netið

Helgina 16.-17. janúar fór fram landsliðsæfing í Taekwondo formum. Afturelding átti 10 iðkendur á þeirri æfingu. Allir voru ánægðir að komast loksins á almennilega landsliðsæfingu.

Landsliðsþjálfarinn Lisa Lents er búsett í Danmörku



og stjórnaði hún æfingunni í gegnum netið. Eins og staðan er í dag fer enginn að keppa erlendis en tekið er þátt í mótum sem fara fram á netinu og sem eru áætluð innanlands.

**AFTURELDINGAR  
VÖRURNAR  
FÁST HJÁ OKKUR**



**JAKO**  
SPORT ÍSLANDI

NAMO EHF. - SMÍÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI

Sími: 566 7310 - [jakosport@jakosport.is](mailto:jakosport@jakosport.is) - [jakosport.is](http://jakosport.is)





## Fjölmennt á Págen-móttinu að Varmá um helgina

Págen-mótið í handbolta fór fram í Íþróttahúsinu að Varmá um helgina. Um 450 krakkar í 8. flokk tóku þátt. Mikið fjör var og voru tilþriffin í hámarki. Þetta var fyrsta mót krakka-anna í vetur og sást greinilega að þau voru orðin mjög spennt að fá að keppa.

Krakkarnir stóðu sig eins og hetjur og gaman að sjá hvað framtíðin er björt í íslenskum handbolta. Afturelding vill þakka Págen fyrir frábært samstarf við mótahaldið.



MOSFELLSBÆR

## Álagning fasteignagjalda 2021

### Tilkynning til eigenda fasteigna í Mosfellsbæ

Álagningarseðlar fasteignagjalda eru birtir rafrænt á [island.is](http://island.is) og íbúagátt Mosfellsbæjar, [ibuagatt.mos.is](http://ibuagatt.mos.is)

Fasteignagjöld skiptast á tíu gjalddaga frá 1. febrúar til 1. nóvember. Eindagi fasteignagjalda er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga við vanskil. Sé heildar fjárhæð fasteignagjalda fyrir árið 2021 undir kr. 40.000.- er einn gjalddagi þann 1. febrúar.

Fasteignagjöld má greiða í banka, netbanka eða boðgreiðslum á greiðslukort. Greiðsluseðlar eru ekki sendir nema þess hafi verið óskað sérstaklega. Skráning á boðgreiðslum fer fram í gegnum þjónustuver Mosfellsbæjar í síma 525-6700.

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er reiknaður sjálfkrafa í samvinnu við Þjóðskrá Íslands og Ríkisskattstjóra. Það þarf því ekki að sækja um afsláttinn sérstaklega. Reglur og skilyrði afsláttar má sjá á [mos.is/fasteignagjold](http://mos.is/fasteignagjold).

Þjónustuver Mosfellsbæjar veitir nánari upplýsingar og sendir þeim sem þess óska útprentaða álagningarseðla og greiðsluseðla.



MEÐ FULLRI UPPREISN  
KEMUR ÚT 18. FEBRÚAR

Lögin fjalla um gremju og ergelsi með skolegum undirtón

## Hljómsveitin Eilíf sjálfsfróun gefur út sína aðra plötu

Mosfellska hljómsveitin Eilíf sjálfsfróun gefur út aðra plötu sína þann 18. febrúar næstkomandi.

Eilífa sjálfsfróun skipa þeir Halldór Ívar Stefánsson, Árni Haukur Árnason, Davíð Sindri Pétursson og Þorsteinn Jónsson en platan sem þeir tóku upp og unnu sjálfir frá grunni nefnist Með fullri uppreisn og inniheldur 10 lög.

### Stofnað sem grín

Eilíf sjálfsfróun var stofnuð í byrjun árs 2019 í partíi. „Þetta nafn kom upp sem eitthvert grín í partíi og okkur fannst það bara of fyndið til að sleppa því að stofna hljómsveit.“

Markmiðið var einfalt, að spila tónlist og hafa gaman. Strákarnir hafa fylgt þessu markmiði á ýmsu vegu en eftir að hafa starfað í einungis nokkrar vikur skráði sveitin sig til leiks í Músíktílaunir við góðar undirtektir og var kosin áfram til úrslita af áhorfendum í sal.

Eftir árangurinn í Músíktílaunum gáfu þeir út sína fyrstu plötu nokkrum mánuðum seinna. Platan einkennist af lögum eins og Einræðisherrar götunnar, sem fjallar um óbeit hljómsveitarmedlima á vagnstjórum Strætó og 12 ár and counting, sem vísar í skýrslu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsvána.

### Lög úr ýmsum áttum

Erfitt er að skilgreina hvaða stefnu tónlist nýju plötunnar fylgir en hún einkennist af meiri tílaunamennsku en fyrri platan. „Eftir að hafa gefið út hreina pönkplötu langaði okkur að prófa meiri tílaunastarfsemi. Við vorum, til dæmis, rosalega heillaðir af hugmyndinni um að gera pönk með synth-um í stað gítars.“ Efni laganna heldur þó sama sniði, en þau fjalla öll á einn eða annan



hátt um gremju og ergelsi, en þó alltaf með skoplegum undirtón.

„Kosturinn við að spila pönktónlist er að það eru engar skorður. Það gefur okkur frelsi til þess að prófa nýja hluti. Til dæmis er eitt lag á plötunni ábreiða af ítölsku þjóðlagi með ádeilutexta og annað raf-techno-pönk. Þessi tílaunastarfsemi er virkilega góð til að læra að verða betri, bæði í að semja tónlist og taka hana upp.“

### Kjallarinn er algjör snilld

Platan er unnin og tekin upp af þeim sjálfum í Kjallarannum, tónlistaraðstöðu Bólsins fyrir ungt fólk í Mosfellsbæ. „Kjallarinn er algjör snilld, það er geggjað að hafa aðgang að ókeypis æfingaradstöðu og hann gerir okkur kleift að taka upp tónlistina og gefa hana út.“

Plötuna Með fullri uppreisn má finna á Spotify 18. febrúar, en þangað til má nálgast tvo singla af plötunni sem þegar hafa verið gefnir út. Strákarnir bíða svo spenntir eftir að geta farið að halda tónleika á ný eftir langa bið.

Næsta blað kemur út:

**11. MARS**

Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudaginn 8. mars.





# Best að búa í Mosó

Nýlega voru kynntar niðurstöður í árlegri þjónustukönnun Gallup þar sem viðhorf íbúa til þjónustu í 20 stærstu sveitarfélögum landsins eru mæld.

Enn eitt árið getum við Mosfellingar gladdst yfir því að Mosfellsbær kemur mjög vel út úr flestum viðhorfsspurningum, og þess má geta að Mosfellsbær og Garðabær deila efsta sætningu þegar spurt er um hvar best sé að búa.

Breytingar á niðurstöðum könnunarinnar milli ára eru mjög litlar nema í spurningu um þjónustu við fatlað fólk í sveitarfélaginu sem lækkar markvert milli ára. Þetta þarf að skoða vel, sérstaklega þegar horft er til þess að stöðugt er verið að auka og styrkja þjónustuna í málaflokknum.

Í september sl. var hafin vinna við stefnu-mótun í málaflokk fatlaðs fólks. Þar gafst íbúum, starfsfólki og öðrum sem málið varðaði tækifæri til að koma sínum athugasemdum á framfæri. Sú vinna er í gangi.

Þess má einnig geta að í Mosfellsbæ eru hlutfallslega flestir samningar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) miðað við íbúafjölda á landinu. Áfram verður haldið að rýna í hvað hægt er að gera betur í málaflokknum til að auka ánægju notenda þjónustunnar.

## Leik- og grunnskólar

Undanfarin tvö ár hefur mikil áhersla verið lögð á að auka þjónustu leikskólanna og var leikskólaplássum fyrir yngstu börnin fjölgað á síðasta ári í bæjarfélaginu og gjöld lækkuð um 5%.

Forráðamenn leikskólanna í Mosfellsbæ eru ánægðir í 97% tilfella með þjónustu leikskólanna samkvæmt könnuninni og er það ánægjuhlutfall sem nánast þekkt ekki í könnun sem þessari. Þessi niðurstaða er fyrst og fremst mikið hrós til starfsfólks leikskólanna sem vann sína vinnu við mjög



erfiðar aðstæður á síðasta ári.

Ánægja með þjónustu grunnskólanna minnkar aðeins á milli ára og er mikilvægt að rýnt verði í þá niðurstöðu. Verður það gert m.a. með sérstakri foreldrakönnun og rýnihópum til að fá upplýsingar hver upplifun foreldra er af þjónustu grunnskólanna.

Það sem stendur upp úr á síðasta ári er það starf sem kennarar, skólastjórnendur, fræðsluvið Mosfellsbæjar og skólasamfélagið allt lagði á sig til þess að halda skólum opnum á erfiðum Covid-tímum og var sú vinna ómetanleg. Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir því grettistaki sem þarna var lyft og fyrir það ber að þakka.

## Aðrir málaflokkar

Þjónusta við aldrada er einnig mikilvægur flokkur og þar er Mosfellsbær stöðugt að bæta í þjónustu. Þar má til dæmis nefna nýjungar varðandi hreyfingu og heilsuflingu, verkefnið Karlar í skúrnum o.fl.

Aðstaða til íþróttaiðkunar hækkar milli ára enda er uppbygging í gangi t.d. á Varmárvæðinu, Fjölnahúsið Fellið var tekið í notkun og mun uppbygging halda áfram í samráði við Aftureldingu á næstu árum.

## Gerum gott betra

Það er ánægjulegt og þakkarvert að sjá það traust sem Mosfellingar sýna starfsemi og þjónustu bæjarins sem endurspeglast í jákvæðu viðhorfi til þjónustunnar.

Mosfellsbær hefur á að skipa mjög metnaðarfullu og hæfileikaríku starfsfólki sem mun m.a. nota niðurstöðu þessarar könnunar til þess að rýna til gagns og bæta þá þætti sem betur mega fara í þjónustu bæjarins, með því gerum við Mosfellsbæ enn betri.

*Höfundur er formaður bæjarráðs og skipulagsnefndar Mosfellsbæjar.*

# Verður Sundabraut loksins að veruleika?

Sundabraut er framkvæmd sem rifist hefur verið um í áratugi, hún rataði fyrst inn í aðalskipulag Reykjavíkur árið 1975.

Síðan þá hafa óteljandi nefndir verið skipaðar og skýrslur skrifaðar. Nýjasta nefndin skilaði nýverið af sér og leggur til að lagðar verði brýr í stað jarðganga. Hvort sem Sundabraut verður brú eða göng - vona ég að hún verði að veruleika á næsta áratugi.



annað yrði gert í viðhaldi eða uppbyggingu samgöngumannvirkja annars staðar á landinu, nú eða að fjármagn til þess málaflokks yrði tekið úr öðrum mikilvægum málaflokkum eins og heilbrigðis-kerfinu, menntakerfinu, löggæslu o.s.frv. Hér þarf einfaldlega aðrar lausnir.

Í mörg ár hefur verið bent á möguleika á samstarfsverkefni einkaaðila og hins opinbera, svokölluð PPP-verkefni, og eru Hvalfjarðargöng besta dæmið um slíkt hér á landi.

Ég, ásamt nokkrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, lagði fram þingsályktunartillögu þar sem lagt er til að Sundabraut verði boðin út í einkaframkvæmd.

Áhugasamir hópar geta þá komið með sína útfærslu af legu, aðferðafræði, hönnun, fjármögnun og rekstri. Viðkomandi hefðu heimild til að rukka veggjöld í ákveðinn tíma en að þeim tíma liðnum yrði mannvirknið ríkisins.

Ég er sannfærð um að þetta sé raunhæf leið til að sjá Sundabraut verða að veruleika. Þá spyrja sumir sig, hver á slíka fjármuni og er tilbúinn að verja þeim í slíka framkvæmd. Augljósasti kosturinn eru lífeyrissjóðirnar okkar, þeir eru einfaldlega fullir af peningum og stjórnendur þeirra eiga í mesta basli við að finna þeim peningum hlutverk, sérstaklega í lágvaxtaumhverfi dagsins í dag.

Maður myndi ætla að Sundabraut væri arðbær og álitlegur fjárfestingakostur fyrir lífeyrissjóði og atvinnulífið hefur án efa áhuga á að koma að þessu verkefni. Láttum á það reyna og könnunum hvort einkafram-takið hafi burði í að reisa Sundabraut. Framkvæmdina sem rifist hefur verið um í hátt í 50 ár. Við höfum engu að tapa en allt að vinna.

*Bryndis Haraldsdóttir  
Þingmaður Sjálfstæðisflokks*

# Takk fyrir okkur, sjálfboðaliðar

Eins og önnur íþróttafélög á Íslandi er Afturelding háð starfsemi sjálfboðaliða. Aðkoma sjálfboðaliða í íþróttastarfsemi byggir á áratugalangri hefð og er eiginlega grundvöllur þess að geta haldið úti fjölgreina íþróttafélagi.

Við sem störfum fyrir félagið erum meðvituð um þá staðreynd að það er alls ekki sjálfgefið að vera með jafn góðan hóp sjálfboðaliða og við höfum á að skipa hjá Aftureldingu.

COVID-19 heimsfaraldurinn minnti okkur á það hvers megnugur allir okkar sjálfboðaliðar eru. Við höfum þurft að bæta við alls kyns verkefnum sem snúa að sóttvörnum, til að mynda þarf nú að vera sóttvarnafulltrúi á öllum viðburðum sem deildirnar bera ábyrgð á að útvega.

Það er er krefjandi verk að halda úti áhuga og starfi þegar ekki má mæta á staðinn en sjálfboðaliðar okkar og þjálfarar hafa fundið ótrúlegustu leiðir og lausnir til að vinna með.

Rétt rúmlega hundrað einstaklingar eru á skrá hjá okkur og allir leggja þeir sitt af mörkum á einhvern hátt, svo hægt sé að halda úti starfinu.

Við erum með heilu ráðin, allt að 20 manns, sem hafa það afmarkaða verkefni að sjá um að handboltaleikir hjá karlalíðinu geti farið fram. Annar eins fjöldi heldur utan um sömu mál í kvennahandboltanum, sem og hjá báðum kynjum í knattspyrnu og blaki.

Fyrirnefndur sóttvarnafulltrúi þarf svo að vera til staðar, ritarar og dómarar,



boltasækjar og fólkið á moppunni — svo fáeinir séu tíndir til.

Þá starfar lítill hópur innan félagsins að AftureldingTV og sér um að hægt sé að sýna frá hinum ýmsu mótum og leikjum. Það hefur reynst einstaklega dýrmætt að eiga, nú þegar COVID-19 hefur gert okkur ómögulegt að leika fyrir framan áhorfendur, eða hleypa foreldrum iðkenda á leiki eða mót.

Einnig eru innan okkar vébanda foreldrar og forráðamenn sem þreystast ekki við að skrá söguna með ljósmyndum og fréttum á heimasíðunni okkar.

Loks er rétt að nefna lítinn hóp vaskra sjálfboðaliða sem setti upp á sitt einisdæmi á fót fjáröflunarnefnd, sem gerir öllum iðkendum kleift að safna fyrir mótum, æfingagjöldum, búnaði eða öðru sem þau þurfa, alveg óháð því hvort flokkurinn þeirra eða deild standi í fjáröflun.

Þetta allt fyrir utan þá sjálfboðaliða sem sitja í stjórnun og ráðum deilda og sitja reglulega fundi til þess eins að halda utan um starfið, þjálfara og iðkendur.

Án þessara frábæru sjálfboðaliða væri starfið fátæklegt, við fögnum öllum þeim sem vilja vinna með okkur í skemmtilegu starfi í þágu barna, unglinga og alls bæjarfélagsins.

*Birna Kristín Jónsdóttir  
formaður Aftureldingar og  
Hanna Björk Halldórsdóttir  
íþróttafulltrúi Aftureldingar.*

# Áhrif orkudrykkja á börn og ungmenni

Neysla íslenskra ungmenna á orkudrykkjum er mikið áhyggjuefni enda með því mesta sem þekkt meðal ungmenna í Evrópu. Margir þeirra innihalda gríðarlegt magn koffíns sem er ávanabindandi efni og getur haft neikvæð áhrif á heilsu fólks - bæði líkamlega og andlega.

Börn og ungmenni eru mun viðkvæmari fyrir koffíni en fullorðnir og er neysla þess því sérstaklega slæm fyrir þann aldursból.

Nægur svefn er nauðsynlegur til að geta búið við góða heilsu. Börn og unglingar þurfa um níu til ellefu tíma svefn en niðurstöður íslenskrar rannsóknar (Rannsókn og greining) sýnir að helmingur unglinga nær ekki þessum viðmiðum.

Einnig hefur verið sýnt fram á að þau börn sem neyta mikils magns orkudrykkja eiga erfiðara með að sofa og mjög hátt hlutfall sefur lítið (minna en 6 tíma). Viðvarandi svefnleysi hefur áhrif á athygli, minni, ákvörðunartöku og rökhugsun en



þessir þættir hafa mikil áhrif á námsárangur. Svefnleysi eykur einnig líkurnar á ýmiss konar tilfinninga- og hegðunarvanda eins og kvíða, pirringi, leiða og mótþróa.

Þess má geta að koffín er mun lengur í líkamanum en fólk gerir sér almennt grein fyrir en helmingunartími koffíns, þ.e. sá tími sem það tekur helming þess koffíns sem er neytt að hverfa úr líkamanum, er fimm til sjö klukkustundir. Ef við neytum koffíns seinnipartinn er mikið magn þess enn í líkamanum þegar við leggjumst til rekkju.

Börn líkja eftir þeirri hegðun sem þau sjá hjá öðrum. Munum að við sem foreldrar erum fyrirmyndir barnanna okkar og því mikilvægt að sýna gott fordæmi. Börnin læra það sem fyrir þeim er haft.

*Arnar Ingi H. Friðriksson,  
sálfræðingur skólaþjónustu  
Mosfellsbæjar og foreldri.*

Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



# 112 er líka fyrir börnin

Það er mikið ánægjuefni fyrir okkur sem störfum við velferðarþjónustu í Mosfellsbæ, þar sem einstaklingurinn er í forgrunni, að 112 dagurinn sé að þessu sinni helgaður barnavernd og öryggi og velferð barna og unglunga.

Í barnaverndarlögum er kveðið á um tilkynningaskyldu almennings og opinberra aðila ef grunur leikur á misfellum í aðbúnaði barns. Allt frá árinu 2004 hefur símanúmerið 112 verið tengt aðstoð frá barnaverndaryfirvöldum. Því er hægt að leita eftir aðstoð barnaverndar Mosfellsbæjar með þrennum hætti: Með því að hringja í símanúmerið 112, senda tilkynningu í gegnum heimasíðu Mosfellsbæjar eða hringja í ráðgjafa barnaverndar Mosfellsbæjar á símatíma, sem taka á móti tilkynningum og geta veitt upplýsingar og ráðgjöf ef fólk er í vafa um hvort beri að tilkynna um slæman aðbúnað.

Að börn og unglingar hafi aðgengi að símanúmerinu 112 til að tilkynna um slæmar aðstæður barna auðveldar þeim hópi að koma ábendingum á framfæri, þar sem aðrar leiðir til þess að tilkynna gætu reynst þeim flóknari.

Það er mikið gleðiefni fyrir barnavernd Mosfellsbæjar að bæta enn frekar aðgengi barna og unglunga að barnaverndinni með því að setja í loftið ábendingahnapp fyrir þennan hóp og gera slíkt á sjálfan 112 dag-



inn. Á forsíðu heimasíðu Mosfellsbæjar má nú sjá hnapp merktan „Ég er barn og hef áhyggjur“ þar sem börn geta komið slíkum tilkynningum á framfæri til barnaverndar.

Sú tilkynning er einfaldari í sniðun en sú tilkynning sem fullorðnir fylla út. Í tilkynningunni greinir barnið frá því hverju það hefur áhyggjur af, hvað það heitir sem og símanúmer þess. Starfsmenn barnaverndar fara yfir allar slíkar tilkynningar og hafa samband við barnið, ef við á, til að fylgja tilkynningunni eftir.

Það er hagur okkar allra sem samfélagsað veita góða þjónustu við börn í vanda og fjölskyldur þeirra. Hluti af þeirri þjónustu er að allir hafi greiðan aðgang að barnavernd í sínu sveitarfélagi. Þegar símanúmerið 112 var tengt við barnavernd í öllum sveitarfélögum bætti það verulega þjónustu og aðgengi fyrir börnin. Barnavernd Mosfellsbæjar hefur átt í farsælu samstarfi við 112 og þakkar sérstaklega fyrir það samstarf með hvatningu til allra um að hika ekki við að tilkynna um slæmar aðstæður barns annaðhvort í gegnum 112 eða með öðrum leiðum sem hafa verið kynnar hér að framan.

Sigurbjörg Fjölfnisdóttir  
Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar



MOSFELLSBÆR

## Þátttaka í menningarverkefninu NART

**Opnað fyrir umsóknir um þátttöku í rafræna menningarverkefninu NART á rafrænni vinabæjarráðstefnu 2021.**

Mosfellsbær er hluti af vinabæjarkeðju með Thisted í Danmörku, Uddevalla í Svíþjóð, Skien í Noregi og Loimaa í Finnlandi og eru vinabæjarmót haldin annað hvert ár til skiptis í bæjunum. Til stóð að Loimaa í Finnlandi héldi ráðstefnuna sumarið 2020 en í ljósi heimsfaraldurs var henni frestað. Ráðstefnan verður dagana 1.-2.júní 2021 og verður rafræn í fyrsta skipti.

Samhliða ráðstefnunni verður menningarverkefnið NART (Nordic Art) og verður það einnig rafrænt eins og ráðstefnan. Að þessu sinni er verið að leita að tveimur listamönnum frá hverju landi innan vinabæjarkeðjunnar sem starfa innan sjón- og tónlistar.

NART 2021 er ætlað að tengja saman fagfólk innan sjón- og tónlistar frá vinabæjunum fimm. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á vef Mosfellsbæjar, [mos.is/nart](http://mos.is/nart).

Þeir listamenn sem hafa áhuga á að taka þátt í verkefninu fyrir hönd Mosfellsbæjar geta sent inn skriflega umsókn með rökstuðningi fyrir hæfi til þátttöku á skipuleggjendur í Finnlandi í gegnum netfangið [taidetalo@loimaa.fi](mailto:taidetalo@loimaa.fi) eða á netfang Mosfellsbæjar [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is).

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2021.

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | [mos.is](http://mos.is)



MOSFELLSBÆR

## HLÉGARÐUR

**Umhverfissvið Mosfellsbæjar óskar eftir tilboðum í verkið: Hlégarður framtíðarsýn, 1. áfangi.**

Til stendur að fara í endurbætur á félagsheimilinu Hlégarði við Háholt 2 í Mosfellsbæ. Verkið sem nú er boðið út er 1. áfangi fyrirhugaðra endurbóta.

Hlégarður er félagsheimili og menningarhús sem staðsett er í hjarta Mosfellsbæjar og rekstur þess er leigður út. Upprunalega húsið var vígt við hátíðlega athöfn þann 17. mars 1951. Síðan þá hefur verið byggt við húsið minnst tvisvar sinnum og gerðar hafa verið á því ýmsar aðrar breytingar og endurbætur í árána rás.

**Helstu verkþættir eru:**

Í þessum 1. áfanga verkefnisins á meðal annars að skipta um gólfefni á meginhluta 1. hæðar, rífa niður eldri innréttingar í veitingasal og byggja nýjar, skipta um hurðir, endurbæta salernisaðstöðu og aðlaga lagna-, loftræsti- og rafkerfi að breytingum.

**Helstu magntölur eru:**

• Málun	1.027 m <sup>2</sup>
• Ílögn	225 m <sup>2</sup>
• Flotun gólfa	432 m <sup>2</sup>
• Parkett	366 m <sup>2</sup>
• Stálsmíði	1.100 kg
• Ílögn og bendinet	235 m <sup>2</sup>
• Pípulagnir, rör	55 m
• Loftræsing, blikk	55 kg
• Raflagnir, strengir	510 m

Verkinu skal að fullu lokið 14. ágúst 2021.

Í ljósi samkomutakmarkana verða útboðsgögn eingöngu afhent rafrænt. Beiðnir um útboðsgögn má senda á netfangið [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is). Einnig er hægt að hafa samband við þjónustuver Mosfellsbæjar í síma 525-6700. Útboðsgögn verða afhent frá og með kl. 11:00 þriðjudaginn 9. febrúar 2021.

Tilboðum skal skila rafrænt á netfangið [mos@mos.is](mailto:mos@mos.is) eða í umslagi í þjónustuver Mosfellsbæjar og eigi síðar en kl. 11:00 fimmtudaginn 4. mars 2021. Tilboðin verða opnuð á fjárfundi hálf tíma síðar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | [mos.is](http://mos.is)



## Hárgreiðsluveinn/meistari óskast

Við á Pílus óskum eftir hársnyrtisveini/meistara í lið með okkur.



**Frekari upplýsingar veitir:**

Ragnhildur í síma 6964775 eða á netfanginu [pilusehf@simnet.is](mailto:pilusehf@simnet.is)





## GÓÐMENNSKA OG VIRÐING

Yngsti sonur minn heldur með Manchester City. Einn af fáum sem ég þekki sem gerir það. Ýmsir hafa strítt honum á því: „Hva, þú velur þér bara besta liðið!“ Eins og allir þeir sem halda með Liverpool og Manchester United hafi ákveðið að styðja þau ágætu lið þegar allt var í ládeyðu hjá þeim ... Við erum fjórir í fjölskyldunni sem höfum áhuga á enska boltanum. Enginn heldur með sama liði. Mér finnst það skemmtilegt. Það skapar áhugaverðar umræður og eykur umburðarlyndi. Heimilismenn eru ekki allir forritaðir eins og eru ekki blindir á allt nema ágæti síns liðs.

Við horfðum saman á Liverpool - Manchester City um síðustu helgi. Manchester City vann 4-1. Ekki síst vegna mistaka markvarðar Liverpool, hins brasilíska Alisson. Það fyrsta sem sá yngsti sagði við mig daginn eftir leikinn var: „Ég vorkenni Alisson.“ Mér þótti vænt um að heyra það. Frekar en að missa sig í gleðinni yfir því að liðið hans hefði unnið mikilvægan leik, hugsaði hann meira um hvernig manningum sem hafði gert mistök stóru liði. Mér finnst að íþróttir eigi að snúast um þetta, virðingu og góðmennsku.

Þú keppir til að vinna og gerir allt sem þú getur til að vinna og ná árangri, en að sama skapi viltu ná árangri vegna þess að þú gerðir vel, ekki vegna þess að sá sem þú keppir við gerði mikil mistök. Ég hef upplifað ótrúlega margar góðar stundir í tengslum við íþróttir sjálfur og fannst skemmtilegast að kynna og keppa við stráka úr öðrum liðum þegar ég var sjálfur í yngri flokkunum. Við börðumst inni á velli en spjölluðum og hlógum saman utan vallar.

Íþróttir eru að mínu mati frábær vettvangur fyrir krakka að upplifa akkúrat þetta, þessa skemmtilegu blöndu af keppni og samkennd. Sem þau síðan taka með sér inn í lífið. Lifi sportið!

Gudjón Svansson  
gudjon@kettlebells.is



## Breytingar á Varmárskóla

# Skólinn í öndvegi

Í Mosfellsbæ fer fram framúrskarandi skólastarf í fjölbreyttu skólaumhverfi. Mosfellsbær með fagfólkið í fararbroddi hefur sýnt frumkvæði í skólastarfi eins og t.d. með 200 daga skóla fyrir yngsta skólastigið og með opnun skóla fyrir 2-9 ára börn. Hróður skólastarfsins fer víða og er áhugafólk um menntamál tíðir gestir í okkar skólum.

Fræðslufirvöld í Mosfellsbæ ásamt stjórnendum skólanna skoða stöðugt alla daga hvað megi gera betur í skólumálum. Hluti af því er að skólarnir fái úttekt hjá Menntamálastofnun og nú síðast fékk Varmárskóli úttekt sem mun leiða af sér töluverðar breytingar.

### Breytingar á Varmárskóla

Bæjarráð samþykkti að fela Haraldi Sverrissyni bæjarstjóra og Lindu Udengárd framkvæmdastjóra fræðslu- og frístunda- sviðs að láta framkvæma úttekt og mat á stjórnskipulagi Varmárskóla.

Sú úttekt fór fram haustið 2020 og var fenginn til verksins Haraldur Línaldsson hjá HLH ráðgjöf sem hefur víðamikla þekkingu á starfsemi sveitarfélaga og skólumálum. Haraldur Línaldsson lagði fram tillögur og hefur ein þeirra verið lögð fram í bæjarráði og fræðslunefnd og kynnt fyrir



hagaðilum eins og stjórnendum, starfsfólki og foreldrum. Lagt er til að Varmárskóla verði skipt upp í tvo sjálfstæða skóla með skólastjóra ásamt stjórnendateymi í hvorum skóla. Það var mat Haraldar Línalds að með þessu fyrirkomulagi náist markvissari stjórnun á málefnum hvors skóla fyrir sig.

Fram undan eru krefjandi en uppbyggilegir tímar er gefa Varmárskóla tækifæri til að byggja upp nýja skóla á sterkum grunni og skapa þannig áfram gott og öflugt skólastarf börnum okkar í hag.

Allt er þetta hluti af þeirri stöðugu endurskoðun á skólastarfi því við viljum alltaf gera betur. Til þess eru m.a. gerðar þjónustukannanir og íbúar spurðir hvernig þeim líkar þjónustan sem bærinn veitir.

### Könnun á þjónustu Mosfellsbæjar

Ár hvert gerir Gallup könnun á þjónustu sveitarfélaga og hefur Mosfellsbær tekið þátt í mörg ár. Niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður fyrri ára og einnig við önnur sveitarfélög. Niðurstöður eru kynntar í bæjarráði og nefndum bæjarins með það að markmiði að bæta þjónustuna enn frekar bæjarbúum til hagsbóta.

Það er ánægjulegt frá því að segja að

Mosfellsbær situr í efstu sætum meðal bæjarfélaga á Íslandi eins og undanfarin ár.

### Framúrskarandi leikskólar

97% svarenda segjast mjög ánægðir með þjónustu leikskólanna en mikil áhersla hefur verið lögð á að auka þjónustu leikskólanna. Má nefna fjölgun plássá á ung- barnadeildum og samkomulag meirihlutans um lækkun leikskólagjalds um 25% á kjörtímabilinu.

Nú er svo komið að Mosfellsbær býður upp á lægstu leikskólagjöldin á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er ánægjuleg niðurstaða og ljóst að Mosfellsbær hefur á að skipa góðu fagfólki á leikskólum bæjarins.

Ánægja með þjónustu grunnskólanna minnkar aðeins á milli ára og bókaði fræðslunefnd á fundi sínum að rýnt yrði í niðurstöður með sérstakri foreldrakönnun og rýnihópum og fá þannig að vita hver upplifun foreldra er. Einnig á að skoða þau mælitæki og niðurstöður sem þegar eru til staðar í innra og ytra mati skólanna.

Vert er að nefna að bæjaryfirvöld leggja höfuðáherslu á framúrskarandi faglegt starf svo hægt sé að mæta ólíkum nemendahópum. Þannig gerum við góða skóla enn betri.

Kolbrún G. Þorsteinsdóttir,  
formaður fræðslunefndar

Arna Hagalínsdóttir situr í fræðslunefnd

# Mosfellsbær verður Barnvænt sveitafélag

Þann 28. janúar síðastliðin var skrifað undir samstarfssamning Mosfellsbæjar, UNICEF á Íslandi og félagsmálaráðuneytisins um þátttöku bæjarins í verkefninu Barnvæn sveitafélög.

Markmið samstarfsins er að tryggja aðgengi Mosfellsbæjar að fræðslu og stuðning við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á sveitarstjórnarstigunni. Töluverður hluti þjónustu hins opinbera við börn og barnafjölskyldur er á ábyrgð sveitafélaga og þau leika því mikilvægt hlutverk við innleiðingu sáttmálans. Með þátttöku Mosfellsbæjar í verkefninu skuldbindum við okkur til þess að vinna markvisst að innleiðingu barnasáttmálans og tryggja að réttindi barna séu höfð í huga í öllum verkefnum, stefnumótunum og ákvörðunum bæjarins.

Mosfellsbær er tólfta sveitarfélagið til þess að taka þátt í verkefninu en framkvæmd þess verður leidd af lýðræðis- og mannréttindanefnd bæjarins. Mikill



metnaður er innan nefndarinnar til þess að takast á við verkefnið fram undan en innleiðingarferlið, sem byggist á hugmyndafræði alþjóðlegs verkefnis UNICEF „Child Friendly Cities“ er óvægð. Til þess að ná árangri er mikilvægt að kjörmir fulltrúar og starfsfólk bæjarins vinni þétt saman í innleiðingafélinu. Ég tel að lýðræðis- og mannréttindanefnd sé einstaklega vel til þess fallin að leiða vinnuna enda byggjast grunnþættir Barnvænna sveitafélaga á mannréttindum barna. Grunnþættir þessir eru þekking á réttindum barna, það sem er barni fyrir bestu, jafnræði, þátttöku barna og barnvæn nálgun.

Á kjörtímabilinu hefur Mosfellsbær einsett sér að nýta verkfæri Sameinuðu þjóðanna í stefnumótun sinni. Árið 2019 var samþykkt ný umhverfisstefna sem tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og í fyrra hafði lýðræðis- og mannréttindanefnd markmiðin til hliðsjónar við

gerð aðgerðaáætlunar lýðræðisstefnu bæjarins. Við búum yfir reynslu sem mun nýtast vel við innleiðingu barnasáttmálans og verður sérstök áhersla lögð á náði samstarf nefndarinnar við ungmennaráð Mosfellsbæjar. Aðkoma barna að ákvörðunartöku er veigamikill þáttur Barnasáttmálans og mikilvægt að samráð við börn og ungmenni sé tryggt frá upphafi.

Vinna við verkefnið hefst með greiningu en stefnt er að því að Mosfellsbær uppfylli allar forsendur verkefnisins á árinu 2023 og hljóti í kjölfarið viðurkenningu UNICEF sem Barnvænt sveitafélag. Verkefninu lýkur þó ekki þá, enda þarf að endurnýja viðurkenninguna á þriggja ára fresti og til þess að standast úttekt þarf sveitafélagið að sýna fram á að það tileinki sér barnaréttindanálgun á öllum stigum stjórnsýslunnar og virði réttindi barna sem tryggð eru í sáttmálanum.

Una Hildardóttir, formaður lýðræðis- og mannréttindanefndar Mosfellsbæjar

Sumarstörf  
hjá Mosfellsbæ

OPNAÐ VERÐUR FYRIR  
UMSÓKNIR 25. FEBRÚAR

MOSFELLSBÆR

Fasteignasala  
Mosfellsbæjar

www.fastmos.is





**Birna Kristín Jónsdóttir**  
Ég er algerlega talsmaður þess að virða sóttvarnir og get ekki beðið eftir að þessu ástandi ljúki enda hef ég farið eftir öllum reglum hingað til. Sem foreldri finnst mér samt mjög einkennilegt að ég megi ekki horfa á dóttur mína keppa í fótbolta í 5. flokki til dæmis með grímu og passa uppá 2 metra regluna meðal foreldra þeirra 20 stúlkna sem eru í hópi beggja liða. Ég gæti samt farið með þessum sömu foreldrum á pöbbinn eftir leik jafnvel leikhús eða bara sund!!  
Það verður að vera eitthvað samræmi í þessu og ef ég tala sem formaður íþróttafélags þá skil ég ekki af hverju ekki má leyfa áhorfendur á íþróttaviðburðum, það er vel hægt að telja inn og passa uppá fjarlægð milli áhorfenda og krefjast grímuskyldu, enda held ég að enginn óski þess að næla sér í þessa andsk... veiru.  
Já ég er bara frekar pirruð. Áfram Afturelding

5. feb



**Siggí Sveins**  
Fékk hringingu í gær, í heimasímanum... nauða ómerkilegt utan að simtækinu snarbrá við að vera ónáðað svona... ekki gerst lengi.  
Allavega, "halló" sagði ég.... "er Bolli heima?" spurði ung rödd á hinum endanum.... "neeeei, það býr enginn Bolli hér, þú ert að hringja í rangt númer"... en komst ekki lengra því unga röddin sagði þá "hvernig drekkurðu þá kaffi?".... og svo var lagt á!  
Fattarinn var dálítið lengi í gang en svo færðist þessi líka fina sælutilfinning yfir mann... fyrsta símaatið í mörg ár.... vanmetin listgrein

6. feb



**Huginn Thor Grétarsson**  
Hrikalegt að líkamsræktarstöðvar hafa opnast á ný. Nú þarf maður aftur að hafa samviskubít yfir því að fara ekki í ræktina :)

7. feb




**VGH Mosfellsbæ**  
VERKTAKI SÍÐAN 1968  
896-9443 896-2279  
**ÞAÐ SEM TIL ÞARF**

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

**BílaGlerið**  
Framrúður & ísetningar  
Sími 587-6510  
Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla  
Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

**GÓÐIR MENN EHF**  
Rafverktakar  
GSM: 820-5900  
• nýlagnir • viðgerðir  
• endurnýjun á raflögnum  
• hönnun og uppsetning á öryggiskerfum  
• síma og tölvulagnir  
Löggiltur rafverktaki



**BRA**  
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR  
AUBUNGS  
Frí Tjónaskoðun  
★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★  
Auðbrekku 27. Kópavogi Sími 554 2510  
www.bilasprautun.is



**ÖKUKENNSLA**  
Tímamantanir og upplýsingar  
hzoega@gmail.com  
KENNI Á BEINSKIPTAN OG SJÁLFSKIPTAN BÍL  
ÖKUKENNSLA AKSTURSMAT UMFERÐARFRÆÐSLA  
Hreiðar Örn Zoëga  
820 1616



**GARÐMENN**  
...gerum garðinn frægan!  
Við sinnum öllum alhiða garðyrkjustörfum s.s jarðvegsvinnu, hellulögnum, steinhleðslum, timburverki, gróðursetningu, trjáklippingum.  
Garðmenn leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, vandvirkni og skjóta þjónustu.  
Sími 893 5788



**FAGVERK**



**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
SÍÐAN 1996  
ALÚÐ • VIRÐING  
TRAUST • REYNSLA  
Símar allan sólarhringinn:  
581 3300 & 896 8242  
www.utforin.is  
Kömum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.  
Sverrir Einarsson



**MG Lögmennt ehf.**  
Öll almenn lögfræðisþjónusta  
Innheimtur  
Sala fasteigna  
Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~  
**BIFREIÐAVERKSTÆÐI MOSFELLSBÆJAR**  
Flugumýri 2 - Sími 566-6216




**ARTPRO**  
PRENTÞJÓNUSTA  
Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 520 3200  
www.artpro.is



Þú finnur öll blöðin á netinu  
**WWW.MOSFELLINGUR.IS**



**Öll almenn vörubíla- og kranabjónusta**  
• Grabbi, grjótkló og fl.  
• Útvega öll jarðefni.  
• Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.  
• Sláttubjónusta og fl.  
**BJ VERK** ehf.  
Björn s: 892-3042





## HEYST HEFUR...

...að bein útsending Helga Björns á laugardagskvöldum sé flutt úr Hlégarði en þar stendur til að taka húsnæði í gegn.

...að nýjasti leikmaður Aftureldingar í knattspyrnu, Jade Gentile, sé áhrifavaldur frá USA með um 60 þúsund fylgjendur á Instagram.

...að þingkonan Þórhildur Sunna sé flutt aftur á æskuslóðir sínar í Mosó og ætli að bjóða sig fram í efsta sæti á lista Pírata í Kraganum.

...að Helga Möller sé að pæla í því að stofna söngskóla í Mosó.

...að hægt sé að gera kjarakaup á gistingu á Hótel Laxnesi á Hópkaup.

...að Pétur Péturs sé að leggja loka-hönd á rjómalíkjörinn sinn, Jöklu.

...að Jóna Margrét sé búin að gefa út lagið í fjarlægjum skugga en textann samdi hún ásamt móður sinni Hjördisi Kvaran.

...að Pétur Jesú haldi uppi stemningunni á Barion á föstudagskvöldið.

...að Helgadalur sé til sölu.

...að til standi að skipta Varmáskóla upp í tvo sjálfstæða skóla.

...að Bubbi verði með Valentínusartónleika í beinu streymi frá Hlégarði á sunnudaginn.

...að Aftureldingarstelpurnar í Grillinu séu að hífa sig upp töfluna.

...að Kaleo hafi verið að frumsýna sturlað myndband sem tekið var upp á Þrídröngum við lagið Break My Baby.

...að verið sé að undirbúa næstu lýðræðiskosningu Okkar Mosó.

...að knattspyrnukonan Lára Kristín Pedersen sé gengin til liðs við ítalska stórlíðið Napoli.

...að handboltakempan Ingimundur Helga sé orðinn fimmtugur.

...að Palli Línal sé að undirbúa styrktargölmót og Pallaball í sumar.

...að krínglukastarinn Guðni Valur hafi verið stigahæstur á Reykjavíkuleikunum.

...að Lottóvinningarnir streymi út af Olís í Mosó en nýlega vann einn heppinn spilar 21 milljón og annar tæpar 2 milljónir í Víkingalottóinu.

...að Hrefna á Reykjum hafi orðið þrítug á dögum.

...að atvinnumaðurinn okkar Axel Óskar hafi verið að semja við Riga FC í Lettlandi.

...að haldið verð bingó á Barion 25. febrúar í samstarfi við kynlífs-tækjaverslunina Blush.

...að strákarnir í hljómsveitinni RedLine hafi verið að gefa út nýtt lag, Another Day.

...að Nettó sé að undirbúa komu sína í Mosfellsbæ en verslunin mun opna með hækkandi sól í Sunnukrika.

...að Arnar Logi eigi afmæli í dag.

mosfellingur@mosfellingur.is

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is

**Matthildur Lísbet Guðbjartsdóttir fæddist á Landspítalanum þann 14. október 2020. Hún fæddist 2.595 gr og 47 cm. Foreldrar hennar eru Guðbjartur Ólafsson og Huguhrn Hörn Guðbergsdóttir. Stoltir bræður hennar eru Guðberg Óli og Mikael Bjartur Guðbjartssynir.**



**Karen Máney Eypórsdóttir fæddist á Akranesi 29. ágúst. 4.398 gr og 52 cm. Foreldrar eru Katrín Rós Ragnarsdóttir og Eypór Einarsson.**



**Þórdís Árnadóttir fæddist 16. ágúst 2020. Hún var 14 merkur og 52 cm. Foreldrar hennar eru Vigdís Sigmarsdóttir og Árni Gunnar Haraldsson. Fyrir eiga þau Eypór Eld 6 ára og Freydísi 1 árs.**



## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á mosfellingur@mosfellingur.is

## Í eldhúsinu

HJÁ SIGRÚNU OG SINDRA

### Mexíkóskur kjúklingaréttur

Sindri Freyr Eiddsson og Sigrún Steinsdóttir deila með okkur uppskrift að frábærum föstudagsmat en það tekur skamman tíma að elda réttinn og svo er hann einstaklega bragðgóður. Þetta er klassískur mexíkóskur kjúklingaréttur sem vekur mikla lukku hjá öllum í fjölskyldunni.

#### Hráefni:

- 4 kjúklingabringur
- 1 stk. Mexíkóostur
- 350 ml rjómi/matreiðslu-rjómi
- 1 krukka salsasósa
- Rifinn ostur

#### Aðferð:

Hitið ofninn í 200°C. Skerið kjúklingabringurnar í bita og steikið á pönnu í smá olíu þangað til bitarnir eru steiktir í gegn. Saltið og piprið eftir smekk. Rífið niður Mexíkóostinn og setjið í pott ásamt rjómanum og hrærið reglulega meðan osturinn bráðnar.

Setjið salsasóna í botninn á eldföstu móti. Setjið kjúklingabitana yfir salsasóna og svo Mexíkóosta-rjómasóna yfir það. Setjið svo rifinn ost yfir allt saman og inn í ofn í 15-20 mínútur. Berið fram með fersku salati og nachos flögum.

Með þessu er best að fá sér iskaldan bjór (ef aldur leyfir).

Verði ykkur að góðu.

Sindri Freyr og Sigrún skora á Ragnar Þór og Nínu Björk að deila næstu uppskrift



## Mosfellsbakarí - Mosfellsbæ

Punsbollur, nutellabollur, baileysbollur, jarðarberjabollur, karamellubollur og fl.

# HVAÐ GERIST SVO?

Vanalega á þessum árstíma erum við sveitingar, já og Íslendingar allir, að gera svipaða hluti. Svona eins og fólk gerir vanalega í febrúar. Við værum sennilega ennþá að sleikja úr okkur þynnuna og slenið eftir partý ársins okkar Mosfellinga, þorrablót Aftureldingar.

Sum okkar væru enn að þræða blótinn um allan bæ svo sem blót Dalsbúa eða blót Harðarfólks. Við værum jafnvel að fagna góðu gengi íslenska karlalandsliðsins í handbolta á stórmóti (hefur gerst!), sumir væru að þræða skíðabrekkurnar í Evrópu. Oftast værum við skafa rúðurnar á bílunum á morgnana og vaða í gegnum snjóskafila á þessum árstíma, hér á höfuðborgarsvæðinu að minnsta kosti. En Covid-19 hefur skrýttinn vetur hér á suðvesturhorninu hefur gert þessa ársbyrjun frekar óvanalega.

Ekki hefur sést snjór á götum bæjarins í rúman mánuð, þorrablót Aftureldingar verður í maí (ekkert að því), skíðaþyrstir landsmenn fjölmenna norður sem aldrei fyrr og geyma brekkurnar á Ítalíu og í Austurríki fram á næsta ár að minnsta kosti. Handboltalandsliðið náði metárangri á stórmóti, öfugu megin á töflunni þó, og rúðuskafan safnar ryki á mælaborðinu.

En nú horfir til betri vegar ... er það ekki? Búið er að létta litillega á Covid takmörkunum og nú verður fjandinn laus.

Hvítvínsbeljan skal skilin eftir á náttborðinu og saumaklúbbur landsins skulu hittast sem aldrei fyrr. Það styttest í þrennuna ógurlegu (holludag - sprengidag - öskudag) og konudagurinn verður tekinn með trompi. Hægt verður að fylla pallana að Varmá á ný, og Fagverksvöllurinn verður fylltur í sumar. Heitu pottarnir verða stútfullir af fólki og tækjasalir í Eflingu og World Class munu gráta undan sveittum Mosfellingum. Meira að segja Hlégarður verður fylltur af partýþyrstum Mosfellingum ... Nei, sennilega ekki. Ég er svo peppaður að Liverpool rífur sig úr ruglinu og hirðir dolluna aftur í ár.

Kári Stef mætir á klakann með stútfullar ferðatöskur af bóluefnum sem bannað verður að spyrja hvernig hann varð sér út um og 2021 verður tekið með látum.

Ég barasta held að við vinnum fjandans Eyróvision ... er það ekki bara? Já, það verður 20 stiga hiti á klakanum í ALLT sumar. Og fasteignagjöldin í bænum verða lækkuð niður fyrir hálfu milljón mánuði.

Eða er þetta kannski bara óskhyggja hjá mér? Hver veit.



HÖGNI SNÆR





# SMÁ AUGLÝSINGAR



## Nudd

Bjóðum upp á svæðanudd - fótanudd á sanngjörnu verði. Léttir fyrir allan líkamann og til að slaka á, veljið ilmkjarnaolíu fyrir proseager. Pantíð tíma í síma: 8227750 (Lenka)

**Smáauglýsingarnar eru frjár fyrir einstaklinga**  
mosfellingur@mosfellingur.is

**PÚ GETUR  
AUGLÝST  
FRÍTT**

(...allt að 50 orð)



## BÍLABÓN Á LAUGARDAGINN

Að Hvíti Riddarinn og Álafoss sameini krafta sína í fjáröflun fyrir átökin í 4. deildinni í sumar og bóni bíla í fjáröflunarskyni við Reykjaland á laugardag kl. 9-17.  
Upplýsingar í s. 7752642



**NÆSTI  
MOSFELLINGUR  
KEMUR ÚT  
11. MARS**

Bláðinu er dreift fritt í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auglýsinga er til hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

# AFLTAK EHF.

S: 660 0770 - [www.aftak.is](http://www.aftak.is)

## FÓTAADGERÐASTOFA MOSFELLSBÆJAR

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



## GLERTÆKNI ehf

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • [WWW.GLERTAEKNI.IS](http://WWW.GLERTAEKNI.IS)

## Bílapartar ehf

Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ  
[www.bilapartar.is](http://www.bilapartar.is)

# MALBIKSTÖÐIN

## ARI ODDSSON EHF

BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA  
FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • [arioddsson@arioddsson.is](mailto:arioddsson@arioddsson.is)  
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070

## BÍLAVIDGERÐIR BÍLHÚSIÐ

[www.bilhusid.is](http://www.bilhusid.is)

Véla- og hjólastillingar.  
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

## SG VERK

Öll almenn smíði

Fagleg og vönduð vinnubrögð.  
Erum byrjaðir að bóka sólpalla fyrir sumarið.  
Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu!

7799760 Sumarliði / Gísli 7799761

Tek að mér  
alla krana- og  
krabbavinnu

Útvega allt  
jarðefni

VÖRUBÍLL P.B.

Klapparhlíð 10  
Þorsteinn 822-7142



## B. Markan ehf.

### Pípulagnir

660 6690

[www.bmarkan.is](http://www.bmarkan.is)

# AFLTAK EHF.

S: 660 0770 - [www.aftak.is](http://www.aftak.is)

## OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

Lágafellslaug  
Virkir dagar: 06:30 - 21:30  
Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug  
Virkir dagar: 06:30-08:00 og 15:00-21:00  
Laugard. kl. 08:00-17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00





# SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hvað ætlar þú að vera á öskudaginn?



**ELÍN ADRIANA:**  
Súperman-stelpa.



**EVA MARIE:**  
Bróðir minn.



**HULDA RÚN:**  
It trúðurinn.



**ARNA JÓNA:**  
Skinka.



**SIGRÍÐUR KRISTBJÖRG:**  
Dauð stelpa.



**HILMAR STEF:**  
Fálki á flugi.

# Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR



## HVERJIR VORU HVAR?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is



Axel Óskar mættur til Lettlands



Bændur í Dalnum blóta



Gulli neyðarkall



Preggó



Neyðarkallinn kominn í hús



Skál fyrir Dalbúum



Scheving og Mundi



**EINAR SCHEVING OG TÓTI Í DALSGARÐI  
STÝRÐU HAPPDRETTINU Á ÞORRABLÓTI DALBÚA**

### TVÍFARAR



Elli P. Fjallabæjarstjóri



Sören Malling



Hárstofan  
**Sprey**

Sími 5176677  
og á [noona.is/sprey](https://noona.is/sprey)

[Instagram sprey\\_harstofa](https://www.instagram.com/sprey_harstofa)

Hárstofan Sprey  
Háholt 14 - s. 517 6677



# FÉLAGSMIÐSTÖÐIN BÓL

Félagsmiðstöðin Ból vinnur að því að efla og styrkja heilsu og velferð barna og unglunga, hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfinu.

Áhersla er lögð á að vinna með sjálfsmynd unga fólksins okkar, að þau sýni hvort öðru umhyggju, styrkja félagsfærni þeirra og stuðla að virkni og þátttöku í því starfi sem við bjóðum upp á. Við viljum að börn og unglingar fái þann stuðning sem þau þurfa svo þau geti tekið upplýstar ákvarðanir og tileinkað sér heilbrigðan lífsstíl.

Starfsemi Bólsins fer fram í VarmáBóli og LágóBóli auk klúbbstarfs í Helgafellsskóla. Í VarmáBóli er fullbúið tónlistarrými þar sem 10 - 25 ára börn og ungmenni í Mosfellsbæ geta komið saman og æft eða unnið tónlistina sína.

Ungmennahús Bólsins er einnig með aðstöðu í VarmáBóli.

ALLAR UPPLÝSINGAR UM STARFIÐ OKKAR ER AÐ FINNA Á BOLID.IS.

## Vegna mikillar eftirspurnar í Mosfellsbæ óska ég eftir eignum á söluskrá



Kristinn Sigurbjörnsson  
Löggiltur fasteignasali - Byggingafræðingur  
Beinn sími: 560-5502  
Netfang: kristinn@allt.is

Ég aðstoða kaupendur í fasteignaviðskiptum þegar drauma eignin er fundin, mæti að kostnaðarlausu með viðskiptavini að skoða eignina og veiti aðstoð í öllu ferlinu. Hlakka til að heyra frá þér og ræða næstu skref.

### Nýleg meðmæli:

Kiddi fasteignasali starfar af áhuga á faginu og heillindum við sína viðskiptavini. Virkilega góð þjónusta og fagmannleg vinnubrögð.

Mæli eindregið með Kidda. Hann seldi fyrir mig. Mjög traustur og áreiðanlegur, fylginn sér og fullur af fróðleik með reynslu og þekkir mjög vel til byggingar og reglugerðar, var mér til halds og traust frá byrjun til enda frábær þjónusta. Fær 110 prósent meðmæli frá mér.







## FRÓÐLEIKUR Í KVOSINNI

Ný fræðsluskilti með sögu Álafossverksmiðjunnar voru vígð um síðustu helgi en verkefnið var kosið í lýðræðisverkefninu Okkar Mosó. Sagnfræðingurinn Magnús Guðmundsson var fenginn í verkefnið og leiddi af því tilefni fræðslugöngu um Álafoskvos. Þar var merkileg saga verksmiðjunnar og ullariðnaðarins reifuð og fræðst um það samfélag sem blómstraði í Kvosinni um árabíl. *Mynd/RaggiÓla*

**Sæktu Landsbanka-appið**

App Store | Google Play

**Múlalundur**  
Glæsileg ritfangaverslun í Mosfellsbæ  
- kíktu við, þá vinna allir!

MÚLALUNDUR  
vinnustofa SÍBS  
við Reykjalund, Mosfellsbæ  
www.mulalundur.is

## MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



**Pétur Pétursson**  
löggiltur  
fasteignasali  
897-0047



**Davíð Ólafsson**  
löggiltur  
fasteignasali  
896-4732

Þjónusta við  
Mosfellinga í 30 ár

Háholt 14, 2. hæð  
**588 55 30**



**Jörfagrund**

91 fm íbúð í litlu fjölbýli við Jörfagrund á Kjalarnesi. Góðar innréttingar, parket og flísar. 3 svefnherbergi og gott skipulag í íbúð. Fallegt útsýni. Stór garður í góðri rækt. Næg bílastæði.

**Völuteigur**

530 fm atvinnuhúsnæði til sölu eða leigu. 2 innkeyrsludyr, 4 m. Stór salur. 5-7 m lofthæð. 80 fm húsnæði á efri hæð. Kaffistofa, skrifstofur og snyrting. Laust strax.

**Blíðubakki-hestamiðstöð**

Vel staðsett 900 fm hestamiðstöð efst í hesthúsaiverfi Mosfellsbæjar. Pláss í stíum fyrir 35 hesta. Stór salur fyrir tamningar o.fl. Séríbúð á efri hæð og gott aðgengi. Flott aðstaða fyrir hestafólk, hnakkageymsla og snyrtiaðstaða. Stórhláða og tæki. Góð gerði og bílastæði.

**Búagrund á Kjalarnesi**

93 fm parhús með 3 svefnherbergjum. Upptekin loft og opin rými. Góð eldhúsinnrétting. Þvottahús og stór lóð. Eftir er að ljúka garði og einnig komið að viðhaldi á gluggum. Húsið er timburhús. **Verð: 41.6 m.**